



**SKOÐUN** Verkefni vikunnar er að hugleiða orðið yndisárður, skrifar Guðmundur Andri. **13**



**MENNING** Mary Poppins fær fjórar stjörnur hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins. **20**




**SPORT** Pórir Ólafsson stefnir á að komast í fremstu röð með liði sínu í Póllandi. **26**

**Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!**  
**93%**

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna

Prentmiðlökunin Capacent Gallup, 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, okt.-des. 2012.



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

25. febrúar 2013  
47. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Konur bjarga heiminum

Agnes M. Sigurðardóttir biskup fór til Malaví og Kenía og kynnti sér hjálparstarf Þjóðkirkjunnar. **2**

**Mary Poppins í vandræðum** Frósin tölva stöðvaði frumsýningu Mary Poppins í fjórar mínútur. **2**

**Raforkukerfið veldur hættu** Flutningskerfið fyrir raforku stenst ekki kröfur á ákveðnum hluta landsins sem gæti staðið byggð fyrir þrífum og valdið hættu. **4**

**Bjarni kjörinn formaður** Bjarni Benediktsson var kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins á landsfundi í gær. Hanna Birna Kristjánsdóttir var kjörin varaformaður. **6**



Bolungarvík	8°	SV 6
Akureyri	10°	SV 9
Egilsstaðir	9°	SV 10
Kirkjubæjarkl.	8°	SV 6
Reykjavík	9°	SV 8

**MILDAST NA-TIL** Í dag verða suðvestan 8-13 m/s og rigning en þúrt að mestu NA-til. Hiti 3-12 stig. **4**

## 4 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Vinnuvélar | Svefnherbergi | Fólk



# Fjölgun ferðamanna fæðir af sér hundruð fyrirtækja

Fyrirtækjum sem skipuleggja dvöl ferðamanna hér á landi hefur fjölgað margfalt eftir hrun. Árið 2012 var metár og gefið var út 161 nýtt leyfi. Þau voru 51 árið 2008. Eftirlit með leyfisskyldri starfsemi verður hert.

**ATVINNUMÁL** Margföldun hefur orðið á síðustu fjórum árum í fjölda fyrirtækja innan ferðaþjónustunnar sem skipuleggja ferðir fyrir erlenda gesti, veita upplýsingar og aðra þjónustu. Svokölluð ferðaskipuleggjendaleyfi, útgefin af Ferðamálastofu, voru í árslok 2012 alls 527 en voru 128 í árslok 2008.

Þessar upplýsingar koma fram í nýrri skýrslu atvinnu- og nýsköpunarráðherra um stöðu ferðaþjónustunnar. Árið 2012 var metár hvað varðar fjölda útgefna leyfa til ferðaskipuleggjenda, ferðaskrifstofa og upplýsinga- og bókunarmiðstöðva þegar 161 nýtt leyfi var gefið út; 110 leyfum fleiri en árið 2008.

Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri segir fyrirtækin sem um ræðir allt frá því að vera einrykjar til stærri fyrirtækja með meira

umleikis og fjölgunina meðal annars til marks um breytingar á ferðahæðun þeirra sem sækja landið heim. Ferðamenn koma í auknum mæli á eigin vegum og kaupa styttri ferðir við komuna til landsins, ólíkt því sem tíðkaðist á árum áður þegar ferðamaðurinn kom til landsins eftir að hafa skipulagt dvöl sína að stórum hluta. Ferðamenn koma gjarnan til landsins með styttri fyrirvara en áður og er líklegt að gengisþróun og fjölgun flugfélaga hafi skipt þar máli.

Ólöf segir breytinguna til marks um þróun og vöxt ferðaþjónustunnar á undanförunum árum. Tækifærin séu fyrir hendi, en bráðnaðsynlegt að byggja upp þekkingu og aukin gæði þeirrar afþreyingar sem fyrir hendi er. „Fjölgunin má ekki vera meiri en svo að atvinnugreinin ráði

## Spretta upp eins og gorkúlur

Árin 2010 til 2012 voru gefin út **309** ný ferðaskipuleggjendaleyfi. Árin 2006 til 2008 voru þau **128**. Ferðaskrifstofuleyfi voru **160** í árslok 2012 en voru **93** í árslok 2008. Upplýsinga- og bókunarmiðstöðvar voru fjórutíu í árslok 2008 en **124** í árslok 2012.

við hana án þess að upplifun viðskiptavina skerðist. Vöxtur án samsvarandi uppbyggingar getur skapað vandamál sem erfitt getur reynst að vinna sig út úr aftur,“ segir Ólöf.

Tæpt er á því í skýrslunni að svört atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu sé áhyggjuefni og eftirlit með leyfisskyldri starfsemi sé lítið og stundum erfitt í framkvæmd. Undir þetta tekur Ólöf.

„Leyfin tryggja neytendavernd og eru til marks um að starfsemin

sé ofanjarðar. Það liggur frumvarp fyrir þinginu um breytingar á lögum um skipan ferðamála, þar sem kveðið er á um hertar öryggiskröfur til fyrirtækja. Slíkar reglur verða settar í nánustu framtíð og Ferðamálastofa mun á næstu vikum gefa út leiðbeinandi reglur til fyrirtækja, svo þau geti lagað sig að nýjum kringumstæðum. Enn er pottur brotinn sums staðar og við verðum að komast fyrir það,“ segir Ólöf. -sh



**GREITT Í GEGNUM FLÓKANN** Rúmlega 800 hreinræktaðir hundar af 79 hundategundum mættu á alþjóðlega hundasýningu Hundarættarfélagis Íslands sem haldin var í gær. Meðal þeirra var Guy, þriggja ára enskur fjárhundur (Old English Sheepdog) í eigu Hrefnu Bjarkar Jónsdóttur. Fullvaxnir hundar eru 61 sentimetrar hið minnsta og geta orðið allt að 46 kíló.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Nýr formaður VG segir að ljóst sé að ekki séu allir sáttir við ályktun:

## VG vill ljúka aðildarviðræðum

**STJÓRNMÁL** Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs (VG) samþykkti í gær ályktun um að ljúka beri aðildarviðræðum við ESB og leggja niðurstöðuna í þjóðar- atkvæðagreiðslu.

Athygli vekur að flokksforystan stóð að baki annarri tillögu, um að gert yrði hlé á aðildarviðræðum og kosið um hvort þær skyldu hafnar aftur. Þormóður Logi Björnsson bar hins vegar þá tillögu upp sem síðar var samþykkt með naumum meirihluta.

Katrín Jakobsdóttir, nýkjörinn formaður, studdi hina tillöguna. Hún segist hafa talið að hún væri ágætis

málamiðlun, en muni standa með samþykktinni.

„Eins og ég sé þessa ályktun, þá er hún í raun og veru áréttun á fyrri stefnu, það er að segja þeirri ákvörðun sem tekin var 2009, að fara í þessa vegferð og leggja niðurstöðuna í lýðræðislegan dóm þjóðarinnar. Það má segja að hún standi,“ segir Katrín, og ítrekar að hún sé á móti aðild Íslands að ESB.

En óttast Katrín að Evrópuandstæðingar yfirgefi flokkinn? „Þetta var auðvitað samþykkt með tiltölulega litlum mun, þannig að það er alveg ljóst að það eru ekki allir sáttir.“

- kóp / sjá síðu 8



Þetta var auðvitað samþykkt með tiltölulega litlum mun, þannig að það er alveg ljóst að það eru ekki allir sáttir.

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG

## Elsa er upptekin kona: Spilar, hjúkrar og stundar rallí

**MENNING** Elsa Sigurðardóttir hefur stundað rallíakstur frá fimmtán ára aldri og gegnir hlutverki aðstoðarökumans föður síns.

Elsa er fjölhæf því hún er einnig að ljúka námi í hjúkrun, starfar á Landspítalanum og leikur á kornett með Skólalúðrasveit Grafarvogs og hljómsveit Benna Hemm Hemm.

Hún hefur meðal annars komið fram með Benna á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves.

- sm / sjá síðu 30



ELSA SIGURÐAR-DÓTTIR

**KOMIN Í KILJU Á ÍSLENSKU!**

Fimmtu skuggar frelsis

El. James

JPU JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

alvöru bókaúð á netinu

3 FYRIR 2 AF PÚÐUM

the PIER

SMÁRATÖRGI • KORPUTÖRGI • GLERÁRTÖRGI



## SPURNING DAGSINS



Bjarni, er þetta ekki grútfúlt?

Jú, en það verður að líta jákvætt á þetta. Það þýðir ekki að vera í fýlu allan daginn.

Bjarni Sigurbjörnsson, bóndi á Eiði í Kolgráfa-firði, segir að grútarfýlan sé alls staðar, bæði utan og innan dyra, vegna rotnandi síldar í firðinum. Grútardrullan berst inn í hús með tilheyrandi ólykt og öðrum óþægindum fyrir heimilisfólk.

Ráðist á afgreiðslustúlku í Kópavogi og annarri ógnað með hníf:

## Þrjú rán á hálfum sólarhring

**LÖGREGLUMÁL** Þrjú rán voru framin á höfuðborgarsvæðinu á rúmlega hálfum sólarhring um helgina. Engan sakaði í ránumum

Fyrstu tvö ránin voru framin á föstudagskvöld, skömmu fyrir miðnætti. Þá ruddust tveir grímu-klæddir karlmenn inn í verslun í austanverðum Kópavogi. Þeir hótuðu afgreiðslustúlku öllu illu, lögðu á hana hendur og tóku hana hálstaki.

Mennirnir neyddu stúlkuna til að opna sjóðsvél, hrifsuðu til sín fé og hurfu því næst út í myrkríð. Stúlk-

unni var brugðið, að sögn lögreglu, en hún meiddist lítið.

Á nánast sama tíma kom maður með klút fyrir andlitinu inn í verslun í Vesturbæ Reykjavíkur. Hann ógnaði starfsstúlku með hníf og hafði í hótunum við hana, neyddi hana til að afhenda sér fé og flúði svo af hólmi. Stúlkuna sakaði ekki.



Það var svo um klukkan eitt eftir hádegi á laugardag sem tilkynnt var um enn eitt ránið í verslun í Reykjavík. Í því tilfelli hafði lögregla hendur í hári þriggja manna, sem grunaðir eru um ránið. Hin tvö málin eru enn til rannsókna.

**GRÍMUKLÆDDIR**  
Ræningjarnir huldu andlit sín.

Síðustu blessunarorð páfa:

## Benedikt þjónar kirkjunni áfram

**RÓM** Benedikt XVI. páfi flutti blessunarorð í síðasta sinn á Péturstorginu í Róm í gær en hann lætur af embætti samkvæmt eigin ósk á fimmtudaginn.

Þúsundir pílagríma höfðu safnast saman á Péturstorginu til að hlýða á orð páfa, sem sagði að afsögn sín þýddi engan veginn að hann væri að yfirgefa kirkjuna. „Ég mun halda áfram að þjóna kirkjunni á þann hátt sem hæfir betur aldri mínum og kröftum,“ sagði páfi.

- fsb



**AFMÆLISHÁTIÐ** Pjódminjasafnið fagnaði 150 ára afmæli í gær og voru börn og unglingar í forgrunni í dagskránni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pjódminjasafnið fagnar 150 ára afmæli:

## Afmælishátíð frá morgni til kvölds

**MENNING** Margir lögðu leið sína í Pjódminjasafn Íslands í gær til að taka þátt í afmælishátíð þess. Safnið fagnar um þessar mundir 150 ára afmæli sínu með fjölbreyttum sýningum.

Hátíðin hófst í gærmorgun með dagskrá fyrir börn þar sem meðal annars var boðið upp á leiðsögn barna um safnið, dans og tónlistarflutning. Afmælisýningarnar Silfur Íslands og Silfursmiður í hjáverkum voru síðan formlega opnaðar klukkan 15 og fjörið hélt áfram allan daginn með tónlistarflutningi og dansi barna og unglunga. Afmælishátíðinni lauk svo með tónleikum hljómsveitanna Ylju og Hjaltalín um kvöldið.

- fsb

### ÖRYGGISMÁL

#### ISAVIA gaf búnað

Björgunarfélagi Ísafjarðar var nýlega afhentur sjúkrabúnaður sem keyptur var fyrir 600 þúsund króna styrk frá ISAVIA. Styrkurinn er hluti af átaki ISAVIA sem miðar að því að efla hópslysiþjónu björgunarsveita.

### SAMGÖNGUR

#### Koma á nóttinni

Spænska flugfélagið Vueling Airlines hefur fengið afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli. Félagið hyggst fljúga til landsins að næurlagi með brottför frá Keflavík á þriðjudögum og föstudögum frá 20. júní til 17. september. Félagið flýgur til 100 áfangastaða í Evrópu, Afríku og Mið-Austurlöndum.

1.229 hreindýr í boði:

## 93 útlendingar vildu til veiða

**VEIÐI** Hreindýraveiðileyfi voru dregin út á laugardaginn. Í ár voru 1.229 dýr í boði, 606 tarfar og 623 kýr. Í ár barst 3.581 gild umsókn en 29 voru ógildar þar sem umsækjendur höfðu ekki tilskilin réttindi. Af 3.581 umsókn voru 93 frá erlendum veiðimönnum.

Þetta er annað árið sem veiðimenn þurfa að hafa lokið skotprófi áður en þeir mega halda til veiða.

- shá

# „Konurnar munu bjarga heiminum“

Agnes M. Sigurðardóttir biskup fór til Malaví og Kenía og kynnti sér vel heppnað hjálparstarf þjóðkirkjunnar. Hún dáðist að hlutdeild kvenna í samfélögum og dugnaðinum sem þær sýndu. Íbúarnir þakklátir Íslendingum fyrir hjálpinu.

**ÞJÓÐKIRKJAN** „Konurnar í Malaví halda uppi samfélaginu og mér varð ljóst að jafnrétti kynjanna er lykillinn að breyttum og bættum heimi, það eru konurnar sem munu bjarga heiminum og menntun þeirra er fyrsta skrefið,“ segir Agnes M. Sigurðardóttir biskup eftir nýafstaðna ferð til Malaví og Kenía þar sem hún kynnti sér hjálparstarf á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar.

Agnes segir það hafa verið einstaklega ánægjulegt að sjá afrakstur starfsins með eigin augum.

„Í Malaví hitti ég bónda sem fékk þrjár geitur frá Íslandi. Í dag á hann 67 geitur og getur framfleytt allir fjölskyldu sinni,“ segir hún. „Við sáum líka matjurtagarða sem hafa tekið mikinn vaxtarkipp með tilkomu brunna. Þarna er svo þurr og gróðursnautt, en með vatninu er hægt að gæða garðana lífi.“

Agnes heimsótti einnig skóla og kirkjur á svæðunum sem hafa verið byggð fyrir íslenskt fé. Hún segir ásóknina þar svo mikla að núverandi byggingar anni vart starfsemi, enda vaxi söfnuðirnir hratt. „Fólk finnur að kirkjan styður það í þess daglega lífi og aðstoðar við allt sem viðkemur samfélaginu.“

Agnes hefur átt gott samtal við presta og biskupa á svæðunum þar sem hún ferðaðist auk þess sem hún predikaði í kirkjum.

Það sem vakti þó einna mesta athygli hennar voru konurnar.

„Þær voru ákaflega atorkusamar og virkar í samfélaginu, talsvert virkari en flestir karlmennanna



**Í AFRÍKU** Biskup heimsótti Malaví og Kenía þar sem hún kynnti sér hjálparstarf á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar.

MYND/ÞJÓÐKIRKJAN

sem virtust eyða mestum tíma í að sitja í makindum undir tré og spjalla saman,“ segir hún. „Það er í höndum kvenna að breyta heiminum.“

Sem dæmi um þetta nefnir hún konur sem sáu um brunn einn í Malaví. Þar voru notendur brunnsins rukkaðir um örliðið gjald, sem nýtist til kaupa á varahlutum og til viðhalds auk þess sem þær þrifa í kringum brunnin, en hreinlæti er víða ábótavant.

Agnes segir þakklæti fólksins hafi verið ríkt enda var hópnun alls staðar vel tekið með dansi og söng.

„Jafnrétti kynjanna er lykillinn að breyttum og bættum heimi, það eru konurnar sem munu bjarga heiminum og menntun þeirra er fyrsta skrefið.“

Agnes M. Sigurðardóttir biskup

„Þessi ferð minnti mig á að allir geta hjálpað einhverjum, en enginn getur hjálpað öllum.“

- je

Frosin tölva stöðvaði frumsýningu Mary Poppins í fjórar mínútur:

## Skapaði bara meiri stemningu

**MENNING** „Við bara stoppuðum og spóluðum til baka smástund og héldum svo áfram þar sem frá var horfið,“ segir Jóhanna Vígðís Arnardóttir, sem leikur Mary Poppins, um viðbrögð leikaranna við því þegar tölva fraus á frumsýningu söngleiksins í þann mund sem flugatriði Guðjóns Davíðs Karlssonar í hlutverki Berts átti að hefjast og stöðva þurfti sýninguna um stund. „Við sem vorum á sviðinu vissum auðvitað ekkert hvað var að gerast, en þegar við komumst að því vissum við að þetta var bara tímaspursmál og við gætum fljótlega haldið áfram.“

Tölvan var endurræst og sýningin hélt áfram eins og ekkert hefði í skorist. Töfin var um það bil fjórar mínútur og Mary Poppins sjálf fræddi áhorfendur um það að upp væri komið tæknivandamál sem ekki einu sinni hún gæti lagað. „Við reyndum að halda áfram eins og ekkert væri,“ segir Jóhanna Vígðís, „en það var bara ekki hægt þannig að við Bergur Þór Ingólfsson leikstjóri fengum sömu hugmynd samtímis og mættum bæði á svið til að útskýra fyrir áhorfendum hvert vandamálið væri. Því var vel tekið og ég held að áhorfendur hafi bara farið í enn þá meiri stemningu fyrir vikið.“

- fsb



**MARY POPPINS** Jóhanna Vígðís dó ekki ráðalaus þegar stöðva þurfti frumsýningu Mary Poppins vegna frosinnar tölvu. „Við reyndum að halda áfram eins og ekkert væri,“ segir hún.

MYND/GRÍMUR BJARNASON

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

Opnaðu eyrum þyrru tekibærinu

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



# ÁNÆGDUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR

## ERU HJÁ NOVA!

NÝTT  
HJÁ NOVA!

# SNJALLÁSKRIFT

300 MÍN. 300 SMS/MMS. 300 MB. **2.990 KR.**

## ÞREFALT HÚRRA, HÚRRA, HÚRRA!

Við þökkum viðskiptavinum okkar fyrir frábæra einkunn í Íslensku ánægjuvuginni. Viðskiptavinir Nova eru ánægðustu viðskiptavinirnir á Íslandi þriðja árið í röð og af því tilefni bjóðum við þrefalt gagnamagn til 1. júní með Snjalláskrift!

Vertu með símkort frá Nova í farsímanum og taktu sporið með okkur á stærsta skemmtistað í heimi!

ÍSLENSKA  
ÁNÆGJUVOGIN

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

# NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter



**GENGIÐ**  
22.02.2013

	Bandaríkjadalur	126,81	127,41
	Sterlingspund	193,48	194,42
	Evra	167,43	168,37
	Dönsk króna	22,442	22,574
	Norsk króna	22,342	22,474
	Sænsk króna	19,749	19,865
	Japanskt jen	1,3589	1,3669
	SDR	192,36	193,50

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**  
228,0274

Lægsta hlutfall hjálparþurfi nemenda í stærðfræði á árabílinu 2007 til 2012:

# Færri þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Færri nemendur þurfa sérstakan stuðning í stærðfræðinámi en áður. Þetta kemur fram í niðurstöðum stærðfræðiskimunar sem lögð var fyrir í þriðja bekk reykvískra grunnskóla í fyrravor. Fram kemur á vef Reykjavíkurborgar að 4,3 prósent nemenda hafi talist þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði. Er það tveimur prósentustigum lægra hlutfall en 2011 og lægsta hlutfallið á tímabilinu 2007 til 2012. „Þorri nemenda, eða 96 prósent, telst samkvæmt skimuninni ólíklegur til þess að þurfa stuðning í stærðfræðinámi,“ segir á vef borgarinnar.

Haft er eftir Oddnýju Sturludóttur, formanni skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur, að niðurstöðurnar rími við aðrar mælingar á árangri skólabarna í Reykjavík undanfarið misseri. Hún segir árangur hafa batnað á langflestum sviðum, líðan nemenda sé betri, einelti hafi minnkað og ánægja foreldra sé meiri. Þakka megi öflugum og metnaðarfullum kennurum fyrir sinn þátt í árangrinum. Oddný segir góða kennara skapa gott skólustarf og reykvískir kennarar setji vel ferð og framfarir nemenda sinna í fyrsta sæti.



Í PRÓFI Tíundi hver nemandi stóðst alla hluta skimunar í stærðfræði síðasta vor. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mikið álag í janúar á LSH: Sjúklingar 40 fleiri hvern dag

**HEILBRIGÐISMÁL** Allan janúarmánuð voru að meðaltali fjórutíu fleiri sjúklingar inniliggjandi á Landspítalanum miðað við sama mánuð í fyrra, sem var einnig mikill flensumánudur. Þetta eru 7% fleiri sjúklingar á milli ára. Þetta kemur fram í máli Björns Zoëga, forstjóra LSH, í pistli á heimasíðu spítalans. Á bráðamóttökunum leituðu 4,1% fleiri, flestir á bráðamóttöku barna og Hjartagáttina. Legudagar í janúar eru 10% fleiri heldur en í janúar í fyrra. Það ræðst af fleiri sjúklingum en vegna þeirrar fjölgunar voru líka næstum 3,5% fleiri rúm opin í janúar 2013 en í sama mánuði árið 2012. -shá



**BJÖRN ZOEGA**

# Raforkukerfið stendur byggð fyrir þrifum og veldur hættu

Leggjast þarf í 77 milljarða króna uppbyggingu á flutningskerfi raforku á Íslandi, að mati Landsnets. Flutningskerfið stenst ekki kröfur á ákveðnum hluta landsins sem gæti staðið byggðapróun fyrir þrifum og valdið hættu.


**ORKUMÁL** Flutningskerfi raforku á Íslandi stenst ekki þær kröfur sem gerðar eru í nútímasamfélagi. Þá standa veikleikar í kerfinu byggðapróun fyrir þrifum og þýða það að möguleikar á uppbyggingu atvinnulífs á ákveðnum svæðum eru takmarkaðir.

Þetta var meðal þess sem kom fram í erindi sem Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets, hélt um langtímauppbyggingu flutningskerfis raforku á aðalfundi Samorku á föstudag.

„Stór hluti landsins stenst öryggiskröfur en þrjú svæði gera það ekki. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Á Reykjanesi og á Vestfjörðum er einungis ein flutningslína og fari línan út veldur það miklum vandamálum,“ segir Guðmundur og heldur áfram: „Stærsta og flóknasta vandamálið er hins vegar byggðalínan sem þjónustar allan austari helming landsins. Hún var byggð fyrir þrjátíu árum og hefur ekkert verið styrkt síðan og það er tími til kominn.“

Guðmundur segir að þessi staða sé í fyrsta lagi hættuleg þar sem kerfið sé vanbúið til að takast á við meiriháttar áföll. Þá segir hann það geta hamlað atvinnuuppbyggingu á vissum svæðum. „Á þessum svæðum þar sem flutningskerfið er fulllestað, eins og á Austurlandi, þá er ekki hægt að bæta við neinum orkufrekum aðilum án þess að taka þá orku frá öðrum,“ segir Guðmundur.

## Álagspunktar í flutningskerfi raforku



Þá kom fram í erindi Guðmundar að Landsnet stefndi að því að leggja í fjárfestingar í raforkukerfinu fyrir 77 milljarða króna á næstu tíu árum. Var þá miðað við að hlutfall jarðstrengja yrði 27% og að ekki yrði nauðsynlegt að

leggja í frekari framkvæmdir vegna orkufreks iðnaðar.

„Við leggjum mesta áherslu á að byggja nýja háspennulínu á Reykjanesi og þrjár línur sem liggja samanlagt alveg frá Blönduvirkjun til Fljótsdalsvirkj-

unar. Þessi verkefni eru brýnst en þar að auki hyggjumst við leggja í ýmsar minni fjárfestingar í nærkerfinu til að leysa staðbundin vandamál, svo sem á Vestfjörðum,“ segir Guðmundur.

magnusl@frettabladid.is

## Meniga vinnur verðlaun: Besta tækninýjungin 2013

**TÆKNI** Heimilisfjármálalausn Meniga hlaut nýverið verðlaun sem besta tækninýjungin á Fintivate Europe 2013, en fyrirtækið vann sömu verðlaun 2011.

Það var nýjasta afurð fyrir tækisins, sem kallast „Að kaupa eða kaupa ekki“, sem hlaut viðurkenninguna. Forritið er hannað fyrir farsíma og er ætlað að auka sparnað á kostnað skyndikaupa og býður upp á flesta kosti Meniga-kerfisins eins og útgjaldaspá, sparnaðarmarkmið og neyslugreiningu. Markmiðið er að auðvelda fólki að taka vel ígrundaðar ákvarðanir þegar kemur að fjárfestingum.

**ora**  
Ástríða í matargerð


**GÚLASSÚPA**

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Fljótlegt & gott

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 12°	Billund 2°	Gautaborg 1°	London 6°	Orlando 28°	San Francisco 15°
Basel 3°	Frankfurt 5°	Kaupmannahöfn 1°	Mallorca 13°	Ósló 0°	Stokkhólmur 1°
Berlín 3°	Friedrichshafen 1°	Las Palmas 20°	New York 7°	París 4°	

**Elísabet Margeirsdóttir**  
veðurfréttamaður






# Viðskiptavinir Landsbankans ánægðastir

**Landsbankinn hefur breyst** mikið í takt við nýja stefnu. Það er mikið gleðiefni að viðskiptavinir kunni að meta þessar breytingar. Samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni eru viðskiptavinir okkar nú þeir ánægðustu á íslenskum fjármála-  
markaði. Vinna okkar heldur áfram. Við ætlum að vera Landsbankinn þinn.

- 1 Ný stefna og opnir fundir**  
Landsbankinn þinn - ný stefna kynnt á opnum fundum um allt land.
- 2 Loforðalisti**  
28 loforðum um umbætur lokið um mitt ár. Allir starfsmenn skrifa undir siðasáttmála.
- 3 Skuldalækkun - 23 milljarðar**  
Lækkun skulda 60 þúsund viðskiptavina. Einfaldari 110% leið, lækkun annarra skulda.
- 4 Endurgreiðsla vaxta 2010-2012**  
Endurgreiðsla vaxta til skilvísra viðskiptavina, samtals 4,5 milljarðar.
- 5 Endurskipulagning fyrirtækja**  
Endurskipulagningu 1.000 fyrirtækja lokið. Öll fyrirtæki í óskyldum rekstri seld.
- 6 Ábyrgð í rekstri**  
Stór skref stigin til hagræðingar sem skila viðskiptavinum ávinningi til framtíðar.
- 7 Nýjar og öflugar netlausnir**  
Aukið öryggi og bætt aðgengi í netbanka. Auðkennislykill óþarfur. Nýr farsímavefur.
- 8 Efstur banka í ánægjuvuginni**  
Landsbankinn mælist efstur bankanna í Íslensku ánægjuvuginni með 62,9 stig.

Landsbankinn: Einkunn í Íslensku ánægjuvuginni og helstu aðgerðir bankans undanfarin þrjú ár





# Besta gengi Bjarna í formannskjöri

Bjarni Benediktsson var endurkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins með 79 prósentum atkvæða á landsfundi. Hanna Birna Kristjánsdóttir er nýr varaformaður. Umdeild tillaga um að hætta viðræðum við Evrópusambandið samþykkt. Flokksmenn deildu um verðtrygginguna.

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson var endurkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins á 41. landsfundi flokksins í Laugardalshöll í gær. Bjarni hlaut 939 atkvæði af 1190, eða 78,9 prósent greiddra atkvæða. Þetta er besta niðurstaða Bjarna í formannsköningu síðan hann var fyrst kjörinn árið 2009.

Hanna Birna Kristjánsdóttir hlaut 18,8 prósent atkvæða í formannskjöriinu, þrátt fyrir að hafa ekki gefið kost á sér til embættisins.

Séra Halldór Gunnarsson í Holti var sá eini sem bauð sig fram gegn Bjarna, en hvatti viðstadda þó í framboðsræðu sinni til að greiða Hönnu Birnu atkvæði sitt. Halldór hlaut níttján atkvæði, eða 1,6 prósent.

Hanna Birna, sem er leiðtogi Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn og leiðir lista flokksins í öðru Reykjavíkurborgardæminu í kosningunum til Alþingis í vor, var kjörin varaformaður með 95 prósentum greiddra atkvæða, 1.120 atkvæðum af 1.179. Hún tekur við embættinu af Ólöfu Nordal.

Kristján Þór Júlíusson, oddviti flokksins í Norðausturkjördæmi, var endurkjörinn annar varaformaður.

## Hlakkar til kosninganna

„Ég segi það frá mínun dýpstu hjartarótum að ég hlakka til að vinna með ykkur hverju og einu í kosningunum – í þágu heimilanna,“ sagði Bjarni að loknu formannskjöriinu.

„Við erum hér komin saman með grunnildin sem okkar leiðarljós til þess að tryggja að við getum mætt kröfum þjóðfélagsins eins og þær eru á hverjum tíma. Það erum við að gera hér í dag og höfum verið að gera allan þennan landsfund, að slípa til og skerpa stefnunna. Það er að ganga vel. Við erum ekki flokkur sem hræðist skoðanaskipti. Við sköpum vettvang fyrir skoðanaskipti,“ sagði Bjarni.

Hanna Birna var sömuleiðis bljúg þegar niðurstöður varaformannskjörsins lágu fyrir. „Ég veit varla hvað ég á að segja. Ég er hrikalega stolt og ofboðslega þakklát fyrir þennan mikla og afdráttarlausu stuðning og þá miklu vináttu og kraft sem ég finn á þessum fundi. Ég held að þetta skipti Sjálfstæðisflokkinn miklu máli, mjög miklu máli,“ sagði hún.

## Aðildarviðræðunum verði hætt

Á fundinum var samþykkt tillaga frá séra Geir Waage þess efnis að aðildarviðræðunum að Evrópusambandinu skyldi hætt og þeim ekki haldið áfram nema vilji til þess kæmi fram í þjóðaratkvæðagreiðslu.



**FORYSTAN** Formaðurinn Bjarni Benediktsson, varaformaðurinn Hanna Birna Kristjánsdóttir og Kristján Þór Júlíusson, annar varaformaður, voru að vonum ánægð með árangurinn í Laugardalshöll í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Geir flutti breytingartillögu við tillögur utanríkismálanefndar flokksins, sem hafði lagt til að hlé yrði gert á viðræðunum og þjóðaratkvæðagreiðsla haldin um framhaldið. Benedikt Jóhannesson hvatti til að sú tillaga yrði samþykkt óbreytt, en Geir hafði betur.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi varaformaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi þessa niðurstöðu í hádegisfréttum RÚV í gær. Hún sagði hana vera vonbrigði og að hún þrengdi stöðu flokksins.

Þá leggur fundurinn til að Evrópustofu verði lokað og segir óhæfu að Evrópusambandið reki hér á landi kynningarskrifstofu.

## Tekist á um verðtrygginguna

Verðtryggingin var einnig bitbein á fundinum. Margir urðu til þess að gagnrýna hana og áhrif hennar á fjárhag heimilanna, en aðrir bentu á að hún yrði ekki afnumin nema með ærnum kostnaði fyrir

hið opinbera og líktu því meðal annars við að pissa í skóinn sinn.

Að lokum fór svo að Bjarni Benediktsson lagði fram sáttatillögu um aðgerðir í húsnæðismálum og verðtrygginguna.

„Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar á fyrsta starfsári verði markviss og tíma- og áætluð um að verðtryggð húsnæðis- og neytendalán verði ekki almenn regla líkt og verið hefur,“ segir í tillögunni. Hún var samþykkt og kom því aldrei til þess að aðrar tillögur um verðtrygginguna sem ýmist gengu lengra eða skemmra kæmu til afgreiðslu.

Í stjórnsmálaályktun flokksins að loknum fundinum eru fimm atriði sett á oddinn, sem sjá má hér til hliðar. Þar segir jafnframt að flokkurinn sé tilbúinn til forystu í íslensku samfélagi þar sem áherslan verði á forgangsroðun í þágu heimila og fyrirtækja.

stigur@frettabladid.is

## Tillaga um kristin gildi lifði í einn dag

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins felldi í gær úr gildi tillögu, sem samþykkt hafði verið deginum áður, um að íslensk lagasetning skyldi ávallt taka mið af kristnum gildum þegar það ætti við.

Ungir sjálfstæðismenn gagnrýndu tillöguna harðlega og reyndu að fá henni hnekk, en allt kom fyrir ekki og hún var samþykkt. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, sagðist á Facebook vera hneyksluð á niðurstöðunni.

Tillagan vakti mikla athygli út fyrir fundinn og í gær var málið svo tekið aftur á dagskrá og tillagan felld.

## → 5 forgangsmál

1. Að ráðast að rót vanda íslenskra heimila með skulda- og skattalækkunum.
2. Að auka verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi.
3. Að stuðla að efnahagslegum stöðugleika og afnema gjaldeyrishöft.
4. Að sýna ábyrgð og bæta opinberan rekstur, lækka skatta og endurskoða bótakerfi.
5. Að tryggja grunnþjónustu fyrir alla landsmenn og standa vörð um velferðina.

Þjóðum nokkur vel valin eintök af einum vinsælasta sportjeppa landsins á frábærum kjörum

## NOTAÐIR BÍLAR

**Chevrolet Captiva**  
Árgerð: 2012  
Verð: 5.590.þús

## CHEVROLET CAPTIVA

Árgerð 2012 | dísel | sjálfskiptur | 184 hö | sjö manna

### Búnaður

- Hólf fyrir sólgleraugu
- ESP stöðuleikastýring
- Tölvustýrð spólvörn
- ABS hemlalæsisvörn
- Fjarlægðarskynjari að aftan
- 6 loftþúðar, gardína.
- Þriggja punkta öryggisbelti
- Hiti í speglum
- Hiti í sætum
- Kæling í hanskahólf
- Upphitunarkerfi
- Aksturstölv
- Aðgerðarstýri
- Útihitamælir
- Bluetooth tenging
- Áttaviti
- Hiti á rúðupurrkum
- Eco sparnaðarstilling
- 6 hátalarar
- USB tengi
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- 17" álfelgur
- Rafmagn í speglum, aðfellanlegir
- Sjálfv. birtustillir í baksýnispegli
- Hleðslujafnari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafdrifnar rúður

**Verð: 5.590.000**

Bílabúð Benna - Notaðir bílar  
Bíldshöfða 10 • Sími: 590 2000  
www.benni.is • notadir@benni.is

Opið alla virka daga frá kl. 10-18  
og laugardaga frá kl. 12-16

**Bílabúð Benna**

Sérfræðingar í bílum





# VINNINGSHAFINN.

Samspil náttúru, vísinda og  
hönnunar í tuttugu ár.

**Bláa Lónið er handhafi Íslensku þekkingarverðlaunanna árið 2013.**

BLUE LAGOON  
ICELAND



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR, FORMAÐUR VG

# Er ekki karl í krapinu í brimskafli

Katrín Jakobsdóttir tók við formennsku í Vinstri grænum um helgina. Hún segir stóra málið í stjórnálagum í dag vera að bæta kjör almennings. Hún segir of snemmt að spá í næsta stjórnarmynstur, fyrst þurfi flokkurinn að fá eitthvert fylgi. Prepskipt skattkerfi sé mál VG.

Kolbeinn Óttarsson Proppé  
kolbeinn@frettabladid.is



Þau tíðindi urðu í sögu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um helgina að skipt var um formann. Steingrímur J. Sigfússon hafði gegnt formennsku frá stofnun flokksins og raunar fyrr, í óeiginlegri merkingu. Katrín Jakobsdóttir, sem verið hefur varaformaður flokksins í tíu ár, tók við keflinu. Hvernig verður hún frábrugðin Steingrími sem formaður?

„Við erum auðvitað búin að starfa saman í tíu ár í forystunni og lengur innan hreyfingarinnar. Áherslur okkar hafa að mörgu leyti farið saman. Það er svolítið erfitt að byrja svo að skilgreina sjálfa sig sem eitthvað ægilegt spútnik. Sagan verður auðvitað bara að dæma þetta, en við erum náttúrulega ólíkt fólk, með ólíkan bakgrunn.“

Ég kem úr blokk í Reykjavík og Steingrímur kemur af stærsta býlinu í Þistilfirði. Ólíkur bakgrunnur hefur sitt að segja og við höfum ólíka nálgun á stjórnálagum, þó við deilum grunnálagum þessarar hreyfingar.“

Það er þá ekki von á stefnubreytingu?

„Nei, það mundi ég ekki segja, en við Steingrímur erum náttúrulega með ólíka nálgun á hlutina.“

Ýmis orð hafa verið látið flakka síðan þú tilkynntir um formannsframboð og þú meðal annars verið kölluð gluggaskraut. Hvaða augum lítur þú slík ummæli?

„Það er alls konar umræða alltaf í gangi og það virðist mega kalla fólk alls kyns nöfnum. Það er líka ýmislegt sagt um Bjarna Benediktsson og tiltekinn aftursetisblástjóra í hans flokki. Kannski er ekki allveg hægt að tala um hlutina sem eingöngu kynbundna, en auðvitað er þetta að einhverju leyti kynbundin umræða líka. Og það finnst mér mjög gamaldags.“

En, það er allveg öruggt að við höfum haft formann sem er karl í krapinu og ég er örugglega ekki þannig formaður. Þessu var fyrst og fremst beint til minna félaga og þeir verða að lifa með því að hafa formann sem er ekki karl í krapinu í brimskafli.“

## Stefnt að félagshyggjustjórn

Landsfundur samþykkti ályktun um að ljúka bæri aðildarviðræðum við Evrópusambandið innan ákveðinna tímamarka og bera samning undir þjóðina. Líðkar þetta fyrir stjórnarmyndunarviðræðum við Samfylkinguna?

„Við þurfum nú fyrst að fá eitthvert fylgi. Mér finnst bara allt of snemmt að segja til um það.“

Landsfundur felldi tillögu um að útiloka stjórnarsamstarf við Sjálfstæðisflokkinn, en samþykkti að stefna skyldi að félagshyggjustjórn. Katrín segir að fundurinn hafi viljað hafa tillöguna með jákvæðum formerkjum.

„Þannig að það er örugglega aldrei auðvelt að taka við formennsku í stjórnálagaflokki. Það er dálítið eins og að vera skyndilega lentur undir fjalli.“

„Sjálfstæðisflokkurinn talar mest um afnám þeirra breytinga sem við höfum gert á skattkerfinu og að taka aftur upp flatt skattkerfi. Þetta hefur verið eitt af helstu málum okkar, að ná fram þrepskiptu skattkerfi á einstaklinga, til þess að auka jöfnuð í samfélaginu. Við sjáum að það hefur gerst og ef við berum saman tölur frá 2007 og 2013, þá er augljóst að jöfnuður hefur aukist á Íslandi. Skattkerfið sem stjórnvöld notuðu jók ójöfnuð á árinu 2007. Þetta er sú leið sem Sjálfstæðismenn boða nú að farin skuli á ný. Þetta, og sú ofuráhersla sem þeir hafa lagt á virkjanaframkvæmdir og stóriðju, tel ég að geri þessum flokkum erfitt um samstarf.“

## Ekki alls konar fyrir alla

En hverjar verða helstu kosningaráherslur Vinstri grænna?

„Ég hef lagt áherslu á það að við getum ekki gengið fram með alls konar fyrir alla, eins og mér hefur þótt formenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks gera núna. Hins vegar er staðan núna auðvitað betri en hún var árið 2009. Það er aðeins meira svigrúm til að gera eitthvað.“

Stóra málið finnst mér vera að horfa á kjör almennings. Það er allveg ljóst að þó að það hafi gengið að draga úr atvinnuleysi, og við höfum tekist á við ríkisfjármálin, þá er staða mjög margra enn þá verri en hún var fyrir hrún. Fólk hefur úr minna að móða og á erfiðara með að láta enda ná saman. Það á við bæði um lágtekjuhópa og millitekjuhópa og mér finnst það vera stóra verkefnið, að beita sér fyrir því að bæta kjör fólks.“

Það fer saman við að auka vöxt í samfélaginu, á sjálfbæran hátt. Það er kannski stóra málið, held ég, því ég hugsa að allir flokkar tali fyrir bættum kjörum almennings fyrir þessar kosningar, stóra málið er að það sé gert á sjálfbærum grunni og ekki verði farið í einhverjar stórar patentlausnir til að skapa gervihagvöxt sem síðan skilar ekki langtímaárangri.“

Mér finnst þetta vera verkefnið. Það má fara ýmsar leiðir í því, eins og við höfum verið að ræða hér á fundinum, hvað varðar húsnæðisskuldur. Við viljum kanna leiðir til að skoða sérstaklega lán tekin á árunum fyrir hrún og gera einhverja áætlun til fimm til átta ára, eitthvað slíkt, til að skoða höfuðstól þessara lána.“

Það þarf líka að skoða barnabótakerfið. Tölurnar sýna að þar hafa Íslendingar dálítið setið eftir. Síðan þarf auðvitað að skoða það hvernig við getum haldið áfram að byggja upp atvinnulífið, sem auðvitað skapar velsældina til að hlutirnir geti haldið áfram.“



**NÝR FORMAÐUR** Katrín Jakobsdóttir segir að þrátt fyrir slæga útkomu flokksins í skoðanakönnunum sé hugur í flokksfólki. „Við höfum að mörgu leyti verið í nauðvörn. Ég held að við höfum hins vegar mjög margt fram að færa.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Eins og að verða fyrir fjalli

Fylgi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hefur dalað mikið í skoðanakönnunum. Er ekki erfitt að taka við flokknum við þær aðstæður?

„Það er aldrei góður tími til að taka við flokki. Ef hann væri í mikilli hæð og mundi dala þá væri það vafalaust erfitt, ef hann er í lægð og heldur áfram í lægð þá eru það náttúrulega ægileg vonbrigði. Þannig að það er örugglega aldrei auðvelt að taka við formennsku í stjórnálagaflokki. Það er dálítið eins og að vera skyndilega lentur undir fjalli. Þannig er það og það verður örugglega þannig áfram.“

**VERTU TIL.** **Reebok FITNESS**

**3.990 KR/MÁN – ENGIN BINDING!**  
**FULLKOMIN ÆFINGAABSTAÐA – FRÍTT Í ALLA HÓPTÍMA**  
**NETBÓKUN OG ÞÚ ÁTT ÞITT PLÁSS – ALLIR VINSÆLUSTU HÓPTÍMARNIR**  
**ZUMBA-HOTYOGA-BUTTLIFT-BODY PUMP-HJÓLATÍMAR OG MARGIR FLEIRI**

ALLAR UPPLÝSINGAR Á NETINU, REEBOKFITNESS.IS – RFC.IS – M.RFC.IS


Ath. Meðlimagjald er greitt í upphafi áskriftar.





## Volkswagen Touareg

7,8 l/100 km



## Passat Alltrack

5,9 l/100 km



## Tiguan

5,8 l/100 km

Komdu við í HEKLU og kynntu þér 4Motion fjölskylduna

## Allir vegir færir á Volkswagen

4Motion fjórhjóladrifstæknin frá Volkswagen er hönnuð til þess að auka öryggi í akstri. Hún vinnur með öðrum öryggiskerfum við að meta í sífelli akstursaðstæður hverju sinni. Þegar minnstu hættu verður vart dreifir kerfið afli til þeirra hjóla sem hafa mest veggrip, eykur þannig stöðugleika bílsins og tryggir hámarksstjórn ökumanns við erfiðustu aðstæður. Kynntu þér kosti 4Motion frá Volkswagen og upplifðu hvernig allir vegir verða þér færir.

Volkswagen Passat Alltrack 4Motion kostar frá kr. 7.140.000,-  
 Volkswagen Tiguan Trend & Fun 4Motion kostar frá kr. 5.550.000,-  
 Volkswagen Touareg V6 BMT 4Motion kostar frá kr. 12.980.000,-



Das Auto.



# FRÁBÆR TILBOÐ!

## Gerðu mögnuð kaup!

### Allt að 80% lánamöguleikar

Erum með nokkur eintök af góðum bílum á tilboði í febrúar.



Rnr. 201052

NISSAN PATHFINDER SE  
Nýskr. 05/12, ekinn 28 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 7.690.000

**TILBOÐSVERÐ!  
6.990 þús.**



Rnr. 280303

TOYOTA LAND CRUISER 150  
Nýskr. 10/12, ekinn 30 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 7.990.000

**TILBOÐ kr. 6.990 þús.**



Rnr. 141261

CHEVROLET TAHOE K1500  
Nýskr. 05/07 ekinn 138 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 4.990.000

**TILBOÐ kr. 3.990 þús.**



Rnr. 101892

RANGE ROVER VOGUE  
Nýskr. 10/05, ekinn 125 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 4.990.000

**TILBOÐ kr. 3.990 þús.**



Rnr. 120089

VW TOUAREG V10  
Nýskr. 04/04, ekinn 135 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.490.000

**TILBOÐ kr. 2.890 þús.**



Rnr. 201027

SUZUKI GRAND VITARA LUX  
Nýskr. 06/10, ekinn 92 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.790.000

**TILBOÐ kr. 3.090 þús.**



Rnr. 151716

MAZDA CX7  
Nýskr. 10/07, ekinn 68 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð áður kr. 3.390.000

**TILBOÐ kr. 2.790 þús.**

# bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

# Landsbanki hagnast á styrkingu krónu

Gjaldeyriseign Landsbankans er innan þeirra vikmarka sem reglur segja til um. Bankastjórinn segir að bankinn muni eiga mikið af gjaldeyri í lausu fé á næstu árum vegna skorts á fjárfestingu. Bankinn gerði framvirkan samning í síðustu viku.

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn á tugmilljarða virði af lausafé í erlendri mynt sem hann verður að eiga til lengri tíma en getur illa lánað út. Þess vegna væri það bankanum í hag ef íslenska krónan styrktist. Þetta segir Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans.

Landsbankinn hefur þurft að kaupa töluvert magn af gjaldeyri á undanförunum mánuðum til að mæta skilyrtu skuldabréfi sem það skuldar þrotabúi gamla Landsbankans (LBI). Vegna þessa keypti bankinn meðal annars mikið af gjaldeyri um síðustu áramót.

Í síðustu viku gekk bankinn svo frá framvirkum samningi við Seðlabankann sem felur í sér að Seðlabankinn kaupir sex milljarða króna í skiptum fyrir evru. Reglur Seðlabanka Íslands kveða á um að gjaldeyrisjöfnuður banka megi ekki vera meiri en 15 prósent af eigin fé hans. Eigið fé hans var 213 milljarðar króna í lok september síðastliðins. Miðað við þá tölu má Landsbankinn ekki eiga meira en 32 milljarða króna í umframgjaldeyris eignir eða skulda meira en 32 milljarða króna í gjaldeyri umfram eignir í gjaldeyri.

Steinþór segir að gjaldeyrisstaða bankans sé enn innan þeirra vikmarka sem Seðlabankinn heimilar. „Við vorum innan þessara vikmarka áður en samningurinn var gerður við Seðlabankann. Þar vorum við að styrkja stöðu okkar. Við búum svo vel að vera með mikið af útflutningsgreinum í viðskiptum hjá okkur. Lausafjárstaða okkar er gríðarlega sterk. Við erum eiginlega með of mikið laust fé í erlendri mynt, vegna þess að það er lítið af verkefnum til að lána í. Það er lítið verið að fjárfesta. Við reiknum með því að staðan verði svona í langan tíma enda þurfum við ekki



**MIKIÐ AF GJALDEYRI** „Við getum borgað öll innlán í erlendri mynt og eigum þar fyrir utan einhverja tugi milljarða króna,“ segir Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans.

## Skuldin gæti orðið 92 milljarðar

Landsbankinn skuldar þrotabúi gamla Landsbankans (LBI) svokallað skilyrt skuldabréf í erlendri mynt. Um síðustu áramót breyttist það bréf í skuld við þrotabúið. Virði þess samkvæmt síðasta uppgjöri bankans var 74 milljarðar króna en það getur mest orðið 92 milljarðar króna. Verði það niðurstaðan mun þrotabúið skila íslenska ríkinu eignarhluta sínum í nýja Landsbankanum. Endanleg stærð skuldabréfsins mun koma í ljós þegar Landsbankinn birtir ársreikning sinn fyrir árið 2012 þann 7. mars næstkomandi.

að vera búnir að lengja í skuldum við gamla bankann fyrr en á árinu 2016.“

Að sögn Steinþórs er það ekki vegna kaupa Landsbankans á gjaldeyri sem krónan hefur verið að veikjast að undanförunum. „Krónan hreyfðist aðeins í kringum áramótin þegar við vorum að kaupa en hún hefur líka haldið áfram að hreyfast síðan. Það eru aðrir aðilar

sem eru að hafa áhrif á það. Aðilar sem hafa þurft að endurfjármagna sig til skamms tíma. Við erum ekki í þeirri stöðu. Í dag er það okkar hagar að krónan styrkst vegna þess að við eigum svo mikið af lausu fé í erlendri mynt. Við getum borgað öll innlán í erlendri mynt og eigum þar fyrir utan einhverja tugi milljarða króna.“

thordur@frettabladid.is

# Munið launahækkunina!

Þann 1. febrúar hækkðu laun samkvæmt kjarasamningum VR.

Almenn launahækkun er 3,25% en þeir sem fá greitt samkvæmt taxta hækka um 11.000 kr.

Þessi hækkun tekur til launa frá og með febrúar og kemur því til útborgunar 1. mars.



# Láttu hjartað ráða



„Maís- og hrískökurnar mínar eru glútenlausar og innihalda engan sykur.  
Þær eru bæði hollar og góðar og henta því vel sem millimál.“

*Sella*

**BONUS**

**HAGKAUP**



**HIMNESKT**



Sterkari forysta en þrengri stefna sjálfstæðismanna:

## Mótsagnir á landsfundi

**S**jálfstæðisflokkurinn sótti að mörgu leyti í sig veðrið á landsfundinum um helgina. Hann býður upp á skýran valkost við skattahækkana- og ríkisumsvifastefnu núverandi stjórnarflokka. Sjálfstæðismenn skilja tilgang þess að efla atvinnulífið og auka verðmætin sem til skiptanna eru, í stað þess að leggja ofuráherzlu á að jafna þeim niður.

Sjálfstæðismenn bjóða líka upp á raunhæfari lausnir en flestir aðrir flokkar á skulda- og greiðsluvanda heimilanna. Tillögurnar um að nýta skattaafslátt, sem til þessa hefur fengizt á móti lífeyrissparnaði, til að hvetja í staðinn til niðurgreiðslna húsnæðislána, eru skynsamlegri en loforð um að lækka skuldir allra án þess að útskýra hvaðan peningarnir eigi að koma.

Stefna Sjálfstæðismanna er þó ekki laus við gylliboð, sem ekki hefur verið sýnt fram á hvernig á að framkvæma. Kjósendur þurfa alltént að fá einhverja nákvæmari útlíun á því hvernig á bæði að vera hægt að lækka skatta duglega og hækka bætur aldraðra og öryrkja og draga úr tekjutengingum og skerðingum í hinu opinbera lífeyriskerfi.

Sjálfstæðisflokkurinn vill stuðla að hagkerfi þar sem verðtryggingin verður óþörf. Það er göfugt markmið. Til marks um að innan flokksins sé meiri skilningur á lögmálum efnahagslífsins en í mörgum öðrum flokkum, er að sjálfstæðismenn telja jafnframt að íslenska krónan í gjaldeyrishöftum geti „ekki verið framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar ef Íslendingar eiga að taka þátt í alþjóðlegri samkeppni og afla þjóðinni tekna á heimsmarkaði“. Landsfundurinn vill kanna til þrautar alla möguleika í gjaldmiðla- og gengismálum, „þar með talið upptöku alþjóðlegrar myntar“.

Þeim mun furðulegra er þá að landsfundurinn skelkti dyrunum enn fastar í lás á nærtækasta og raunhæfasta kostinn um upptöku alþjóðlegs gjaldmiðils, aðild að Evrópusambandinu. Samþykktir fundarins um Evrópumálin eru raunar furðulega ofstækiskennðar, til dæmis gerð krafa um að upplýsingaskrifstofu Evrópusambandsins hér landi verði lokað.

Með þessari hörðu afstöðu í Evrópumálunum fækkar Sjálfstæðisflokkurinn annars vegar möguleikum sínum á stjórnarmyndun eftir kosningar og fórnar hins vegar atkvæðum talsverðs hóps kjósenda, sem líklegir eru til að kjósa þá Bjarta framtíð eða Samfylkinguna í staðinn. Þeir flokkar bera nú augljóslega víurnar í miðjufylgið en ýmsar ályktanir sjálfstæðismanna á landsfundinum benda til að þeir hafi lítinn áhuga á því og vilji skilgreina flokkinn þrengra sem þjóðernissinnaðan hægriflokk.

Forysta Sjálfstæðisflokksins styrktist á fundinum. Bjarni Benediktsson fékk góða kosningu í embætti formanns og Hanna Birna Kristjánsdóttir frábært kjör sem nýr varaformaður. Kannanir hafa sýnt að Hanna Birna hefur víðari skírskotun en Bjarni og hún hefur sömuleiðis sýnt meiri áhuga á samstöðustjórnarmálum og breiðri samvinnu með öðrum flokkum. Það er enn ein mótsögnin á landsfundinum; að kjósa varaformann sem vill víðtæka samvinnu, en loka um leið dyrum og þrengja stefnuna.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinn Stefánsson steinn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Blaðberinn

# bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24  
alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ..góðar fréttir fyrir umhverfið

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Er þetta eitthvað grín?

Margar góðar ræður voru fluttar á landsfundi Sjálfstæðisflokksins um helgina. Sú besta var þó líklega ræða Viðars Helga Guðjohnsen, þar sem hann gagnrýndi landsfundarályktun um uppgræðslu lands. Hann sagði: „Er þetta eitthvað grín? Á nú virkilega að fara að búa inn okkar ástkæru sauðkind, okkar lífibrauð frá landnámi?“ Viðar kvaðst sjálfur vera sonur skógræktarbónda og lauk ræðu sinni svona: „En ég harma það að hér koma öfgamenn, öfgamenn sem vilja hreint út sagt dýraníð gagnvart okkar góðu – okkar bragðgóðu – sauðkind. Ég vil engar málamiðlanir. Ég styð hinn íslenska land-

búnað og ég styð það að okkar kind fái að ganga um okkar lönd frjáls til þess að mæður okkar allra geti eldað góðan lambahrygg.“

#### Styrkleikinn

Á landsfundinum kvaddi sér líka hljóðs Halldór Gunnarsson í Holti. Hann hvatti fundarmenn til að kjósa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur sem formann, jafnvel þótt hún væri ekki í framboði. Bjarni Benediktsson sagðist líta á þetta sem styrkleikamerki – styrkurinn lægi í fjölbreytninni í flokknum, að

þar rúmaðist fólk með ólíkar skoðanir. Þetta er sami Bjarni og hefur á liðnum misserum oft sinni gagnrýnt ríkisstjórnarflokkana fyrir sundurþykkju og óeiningu. Þar eru ólíkar skoðanir ekki styrkleikamerki.

#### Engin stórmæli

Í ræðu sinni eftir formannskjörið á landsfundi Vinstri grænna um helgina talaði Katrín Jakobsdóttir fyrir bættu umræðumeningu í íslenskum stjórnarmálum. Hún er búin að fá nóg af óþarfa misklíð sem er mögnuð upp með gifufyrirum. Ber að túlka þessi orð hennar sem sneið til nýkjörins varaformanns flokksins, einhvers orðhvatasta stjórnarmanns landsins?

stigur@frettabladid.is

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Opnum augun

#### JAFNRÉTTI



Dögg Mósedóttir formaður Félags kvenna í kvikmyndum og sjónvarpi, KIKS

Wift (Women in film and television) á Íslandi stóð fyrir gjörningi á Eddunni um síðustu helgi þar sem konur í kvikmyndagerð mættu í jakkafötum. Tilgangur gjörningsins var ekki að gagnrýna úthlutanir kvikmyndasjóds heldur að vekja athygli á hversu einsleitt samfélagið er þegar aðeins sögur karla eru sagðar og sýn karla ein metin vænleg til framleiðslu. Tilgangurinn var heldur ekki að gera lítið úr karlkyns kollegum okkar heldur var tilgangurinn að skapa umræðu um þetta alvarlega vandamál sem veik staða kvenna innan stéttarinnar er. Eina vænlega leiðin til lausnar er að hlaupa ekki í vörn, draga ekki umræðuna á villigötur og viðurkenna vandamálið.

Eddutilnefningarnar gefa okkur mikilvægar vísbendingar; konur eru ekki sýnilegar, hvorki fyrir framan né aftan myndavélarnar. Ef tekið er mið af aukningu kvenhlutverka síðustu tuttugu árin mun það taka okkur 700 ár að jafna kynjahlutfallið á hvíta tjaldinu. Skortur á sögum og sýn kvenna og kynfærabundin sýn karla á konur er alvarleg beygla sem veldur hraðri stöðnun.

Það er ólíðandi að listgrein sem telur sig brautryðjandi og framsækna sætti sig við slík höft og viðhaldi þannig mis-

→ Ef tekið er mið af aukningu kvenhlutverka síðustu tuttugu árin mun það taka okkur 700 ár að jafna kynjahlutfallið á hvíta tjaldinu. Skortur á sögum og sýn kvenna og kynfærabundin sýn karla á konur er alvarleg beygla sem veldur stöðnun.

rétti innan þjóðfélagsins og jafnvel auki það.

Kvikmyndir eru nefnilega öflugur miðill sem hefur afgerandi áhrif á skoðanir fólks og viðhorf. Rannsóknir sýndu t.a.m. að eftir áhorf á átján þætti þar sem forseti Bandaríkjanna var kona voru áhorfendur 68% líklegri til að kjósa konu sem forseta. Eftir að sýningar hófust á CSI stórjókst áhugi kvenna á meinafræði í Bandaríkjunum. Þess vegna er þetta hættuástand, eins og Kristín Jóhannesdóttir komst að orði í ræðu sinni á Eddunni og kallaði þjóðfélagsmeið.

Kvikmyndir skipta máli, kyn skiptir máli. Horfum opnum og gagnrýnum augum á stöðuna og krefjumst breytinga. Í lausninni felst áframhaldandi sókn kvikmyndagerðar á Íslandi og skiptir okkur öll máli.



# Fegurstu leiðarljósin

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur

Þúsundir Íslendinga hafa ritað nöfn sín á mótmæli gegn nýjum náttúruverndarlögum og hafa áhugamenn um utanvegaakstur þar látið mikið að sér kveða. Jeppafjallamenn eru vissulega upp til hópa miklir náttúruunnendur og hafa áhyggjur af því að fá ekki að njóta hennar að vild og myndu aldrei rótast á viðkvæmum svæðum: en þeir hugsu málið út frá sjálfum sér. Ef við hugsum andartak um fund manns og fjalls í anda setningafræðinnar þá er maðurinn ævinlega frumlagið í hugsun okkar, bíllinn er þá sögnin sem annast hreyfinguna í setningunni, en fjallið er andlagið. Náttúruverndarar vilja snúa þessu við; fjallið skuli vera frumlagið en maðurinn andlagið, allt fari fram á forsendum fjallsins – náttúrunnar – maðurinn horfi, hlusti, þefi, skynji og aðlagist, verði hluti vistkerfisins en ekki herra þess.

## Að „sigrast á“ náttúrunni

Margir Íslendingar eru tortryggir í garð náttúruverndar, líta hálfpartinn á náttúruverndara eins og fólk sem gengið hefur í lið með óvininum. Íslensk náttúra hefur verið þessari þjóð erfið, og margir hér á landi brugðið á það ráð að loka augunum fyrir henni. Bróðir minn benti mér einhvern tímann á það, að í öðrum löndum þykja pelsar fínustu flikur sem til eru, en þegar átti að sýna algjöran ræfil og útilegumann og úrhak í íslenskum leikritum í gamla daga var hann ævinlega sýndur í gæruskinni eða jafnvel þeim mun völdugri skinnstakki.

Íslensk náttúra er ekki vinaleg. Hún er ekki „góð“. Nútíma-Íslendingar tala líka um að þeir hafi „sigrast á“ henni – eins og óvini. Náttúran hefur ekki gildi í sjálfri sér. Hún getur verið falleg, samkvæmt þessum hugsunarhætti, og gaman getur verið að hafa hana fyrir augunum, en þá eingöngu á forsendum þess sem á hana horfir; þá er nautnin ekki síst sú að fylgjast með því hvernig „við“ höfum gefið náttúrunni fegurð sína, klætt hana í búning, breytt henni: helst með því að færa henni einhverjar tegundir sem náttúran reyndist ófær um að koma sér upp sjálf, svo sem lúpinu og alaskaösp, að ekki sé minnst á blessaðan skógarkerfili.

Þetta viðhorf um náttúruna sem andlag, eða óvin sem hefur verið yfirbugaður og ber að nýta af fyllstu grimmd – það liggur í loftinu. VASÍ hefur frestað kjarasamningum og bíður eftir nýrri stóriðjustjórn með tilheyrandi blöðruhagkerfi, bókusótt og óyndisardi. Og væntanlegir ráðherrar hafa talað.

## Vallarstjórnur

Bjarni Benediktsson vitnaði í Jónas Hallgrímsson þegar hann ávarpaði lið sitt á landsfundi. Hann vitnaði til orða Jónasar í kvæði hans „Kveðja og þökk Íslendinga til Alberts Thorvaldssen“: „tign býr á tindum, / en traust í björgum, / fegurð í fjaldölum, / en í fossum afl“. Þessi orð um afl fossa túlkaði Bjarni sem hvatningarorð til að fara nú að virkja: það er að segja, „sigrast á“ landinu, sökkva landi undir lón og stífla ár og stöðva leið þeirra til sjávar.

Þetta viðhorf um náttúruna sem andlag, eða óvin sem hefur verið yfirbugaður og ber að nýta af fyllstu grimmd – það liggur í loftinu. VASÍ hefur frestað kjarasamningum og bíður eftir nýrri stóriðjustjórn með tilheyrandi blöðruhagkerfi, bókusótt og óyndisardi. Og væntanlegir ráðherrar hafa talað.

Nokkru framar í kvæðinu eru að vísu línurnar: „Ó! að þú mættir / augum leiða / landið loftháva / og ljósbeltaða, / þar sem um grænar / grundir líða / elfur ísbláar / að ægi fram“. Þannig er Ísland Jónasar Hallgrímssonar. En hann vildi að Íslendingar fyndu innra með sjálfum sér þetta afl sem í fossum býr svo að það mætti knýja þá til góðra verka.

Þetta er skondið kvæði, kannski sambærilegt við það að Bubbi Morthens gerði lag helgað Ólafi Elíassyni myndlistarmanni til að segja honum frá Íslandi en umfram allt til að leiða landsmönnum sjálfum fyrir sjónir dásemdir íslenskrar náttúru. Þannig er þetta ljóð Jónasar – og svo mörg önnur; hann er alltaf að fá þjóðina til að hrísta af sér deyfð og drunga. „Óskandi væri“ – skrifar hann í ritgerð um Hreppana á Ísland – „Íslendingar færu að sjá hvað félagsandinn er ómissandi til eflingar velgengninni í smáu og stóru, og fylgdu í því dæmi annarra þjóða að fara að taka þátt í almenningshögum, hvur eftir sínum kjörum og stöðu í félaginu.“ Og heldur svo áfram, félagshyggjumaðurinn góði: „Óskandi væri Íslendingar færu að sjá að það er aumt líf og vesælt að sitja sinn í hurvju horni og hugsa um ekkert nema sjálfan sig og slíta svo sundur félag sitt og skipta sundur afli sínu í svo marga parta sem orðið getur – í stað þess að halda saman og draga allir einn taum“.

Jónas Hallgrímsson var náttúrufræðingur. Hann varð einna fyrstur til þess að reyna að opna augu Íslendinga fyrir því að náttúran í kringum þá var ekki óvinur og keppikeflið ekki endilega að „sigrast á“ henni heldur að læra að lifa með henni. Í „Hulduljóðum“ orti hann um fífla og sóleyjar: „Vissi ég áður voruð þér, / vallarstjórnur um breiða grund, / fegurstu leiðarljósin mér, / lék ég að yður marga stund...“ Vallarstjórnur: þetta er eitt af þessum orðum hans sem láta lítið yfir sér en geyma í sér viðáttur sem mann sundlar yfir þegar rýnt er í það. Þetta er hann að segja: fíflar og sóleyjar hafa sýnt mér lögmál tilverunnar, kennt mér um hvað lífið snýst, náttúran er mér leiðarljós. Maður sem þérar fífla og sóleyjar – myndi hann fara að drekkja Þjórsárverum? Nokkru síðar í sama ljóði kemur svo erindið sem við sleppum alltaf úr Hulduljóðum: „Smávinir fagrir, foldarskart, / finn eg yður öll í haganum enn; / veitt hefur Fróni mikið og margt / miskunnar faðir, en blindir menn / meta það aldrei eins og ber, / unna því lítt sem fagurt er; / telja sér lítinn yndisard / að annast blómgaðan jurtagarð“.

Yndisardið. Það er hér lykilorðið. Það er verkefni vikunnar, ágætu lesendur, að hugleiða þetta orð.



## Við náum til fjöldans

### Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. **Örugglega til þín.**

Nánari upplýsingar veitir söluveild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

## Póstdreifing

## Hver eru skilaboð áfangastaða?

# Málþing um vörumerkjamótun áfangastaða.

Þriðjudaginn 26. febrúar frá kl. 8.45 til 12.00 í Silfurbergi í Hörpu

Unnið í samstarfi við:



## Dagskrá

- 8.45** Einar Örn Benediktsson, formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar setur málþingið.
- 8.55** Áratugur af hreinni orku  
Dóra Magnúsdóttir, markaðsstjóri Höfuðborgarstofu fer yfir vörumerki Reykjavíkur sl. áratug: Reykjavík, Pure Energy.
- 9.15** Cornerstones of Success in City Branding  
Teemu Moilanen, sérfræðingur í markaðssetningu áfangastaða og annar höfunda bókarinnar How to Brand Nations, Cities and Destinations: A Planning Book for Place Branding.
- 9.45** Kaffihlé
- 10.15** Vörumerki í íslenski ferðaþjónustu  
Friðrik Larsen, lektor við Háskólann í Reykjavík
- 10.35** I amsterdam: A Decade of City Branding... and still kicking!  
Denise Heijmen, deildarstjóri rannsókna hjá I amsterdam
- 11.10** Ísland: áfangastaður og vörumerki  
Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður markaðssóknar, ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu
- 11.40** Einar Bárðarson, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, tekur saman helstu niðurstöður málþings

Fundarstjóri: Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar

Boðið er uppá hressingu í kaffihlé. Takmarkaður fjöldi sæta. Hádegistilboð fyrir málþingsgesti á Kolabrutinni og Munnhörpunni.

Málþingið er opið öllum og í boði Höfuðborgarstofu. Skráning er á [www.visitreykjavik.is/skraning](http://www.visitreykjavik.is/skraning)

Höfuðborgarstofa óskar eftir þátttöku aðila í ferðaþjónustu í vinnustofum eftir hádegi sama dag í Hörpu milli 13:00 og 15:00 um framtíðar vörumerki Reykjavíkur sem áfangastaðar. Sérstaklega þarf að haka við þátttöku í vinnustofunum við skráninguna á málþingið.



Ánægjuleg skilaboð til viðskiptavina Íslandsbanka:

# Í dag fá um 20.000 heimili endurgreiðslu



**Endurgreiðsla Íslandsbanka veitir kjörið tækifæri til að leggja grunn að framtíðarsparnaði**

Við bjóðum  
góða þjónustu



**Við tökum  
vel á móti þér!**

Í dag bjóðum við upp  
á kaffiveitingar ásamt  
holræðum um ráðstöfun  
endurgreiðslunnar.

Endurgreiðslan tekur til vaxta af húsnæðislánum og almennum skuldabréfalánum einstaklinga og verður hún lögð inn á reikninginn **Vaxtaþrep 30 dagar** í nafni viðskiptavinar. Viðskiptavinir geta millifært út af reikningnum á einfaldan hátt í gegnum Netbanka


Íslandsbanka með 30 daga fyrirvara en á móti fæst hærri ávöxtun en á venjulegum óbundnum innlánsreikningum.

**Nánari upplýsingar um endurgreiðsluna eru á [islandsbanki.is/endurgreiðsla](https://islandsbanki.is/endurgreiðsla)**



## Ósjálfrátt – úr úrskurði dómnefndar

Ósjálfrátt eftir Auði Jónsdóttur er skáldleg ævisaga eða kannski ævileg skáldsaga, óvenju sterk og hlýleg frásögn af skáldum og litríkum persónum sem hreiðra um sig í höfði lesandans – og taka sér kirfilega bólfestu í huga hans.



## Randalín og Mundi – úr úrskurði dómnefndar

Þetta er bráðskemmtileg og lipurlega skrifuð saga með spaugilegum myndum, skemmtilegum persónum og aðstæðum sem vekja kátínu og gleði. Frumraun Þórdísar í barnabókaskrifum er einstaklega vel heppnuð, saga sem skemmtir bæði fullorðnum og börnum.



## Sagan af klaustrinu á Skriðu – úr úrskurði dómnefndar

Bókin virkjar ímyndunarafl lesandans og er prýtt fjölda ljósmynda, korta og skýringarmynda. Bókin hefur einnig mikið gildi sem aðgengilegt og læsilegt rit um starf fornleifafræðinga og spennandi rannsókn.



**EIGA RÉTT Á SÉR** Auður segist hafa komist að því að Fjöruverðlaunin eigi rétt á sér eftir að hafa skoðað hvaða bækur hafa hlotið þau undanfarin ár. FRETTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stutt síðan skáldkonur þóttu skrítnar

Auður Jónsdóttir hlaut verðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir bók sína Ósjálfrátt. Hún segist yfirleitt ekki vera hrifin af forskeytinu kven- en það sé þó ljóst að Fjöruverðlaunin eigi rétt á sér og henni þyki vænt um þau.

Það er alltaf gaman að fá verðlaun,“ segir Auður Jónsdóttir, sem hlaut Fjöruverðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir bókina Ósjálfrátt. „Ég hef velt þessum verðlaunum mikið fyrir mér út frá því hvort sérstök verðlaun fyrir konur séu nauðsynleg í dag. Svo fór ég að lesa lista yfir bækurnar sem hafa fengið þessi verðlaun og sá þá að það eru til dæmis bækur eins og Afleggjarinn, Karitas og Á eigin vegum sem af einhverjum ástæðum hlutu ekki náð fyrir augum þeirra sem tilnefna til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Allar eiga þessar bækur það sameiginlegt að hafa gengið mjög vel erlendis og kannski hafa verð-

launin hjálpað til við að koma þeim í þýðingu og koma höfundum þeirra á kortið. Þannig að kannski er einmitt ástæða fyrir því að þessi verðlaun eru enn veitt.“

Heldurðu að þessi verðlaun hvetji konur til þess að skrifa? „Það getur vel verið og ég held að öll hvatning sé af hinu góða. Við gleymum því alltof oft hvað það er stutt síðan það fór að þykja sjálfsgagt að konur skrifuðu. Það var bara í gær sem skáldkonur voru litnar hornauga og þóttu skrítnar og það loðir svolítið við enn þá. Ég hef reyndar ekki verið hrifin af því að vera flokkuð sem kvenrithöfundur, finnst það notað sem smækkunarforskeyti, en ég skil

“Ég hef reyndar ekki verið hrifin af því að vera flokkuð sem kvenrithöfundur, finnst það notað sem smækkunarforskeyti.”

alveg að þessi verðlaun eiga rétt á sér og þykir mjög vænt um þau, enda hef ég fylgst með þeim frá byrjun þar sem tengdamóðir mín, Inga Huld Hákonardóttir, var ein þeirra sem stóðu að stofnun þeirra.“ fridrikab@frettabladid.is

## Auður, Þórdís og Steinunn verðlaunaðar

Bækurnar Ósjálfrátt, Randalín og Mundi og Sagan af klaustrinu á Skriðu hlutu Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna við hátíðlega athöfn í Iðno í gær.

Fjöruverðlaunin voru veitt í gær í sjöunda sinn. Að þessu sinni voru þau bækurnar Ósjálfrátt eftir Auði Jónsdóttur, Randalín og Mundi eftir Þórdísi Gísladóttur og Sagan af klaustrinu á Skriðu eftir Steinunni Kristjánsdóttur sem verðlaunin hlutu.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðgjafi, afhenti verðlaunin en í upphafi athafnarrinnar flutti heiðursgestur hátíðarinnar, Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti, ávarp um félagsskap fyrrverandi þjóðarleiðtoga. Fjöruverðlauninum, sem hafa skapad sér sess á síðustu árum, er meðal annars ætlað að vekja athygli á mikilvægu framlagi kvenna til íslenskra bókmennta. Veitt eru verðlaun í þremur flokkum og í ár voru eftirfarandi bækur tilnefndar:

### Fagurbókmenntir

**Kristín Eiríksdóttir:** Hvítfeld – fjölskyldusaga. Útg. JPV  
**Eyrún Ingadóttir:** Ljósmodirinn. Útg. Veröld  
**Auður Jónsdóttir:** Ósjálfrátt. Útg. Mál og menning

### Fræðibækur

**Helga Gottfreðsdóttir og Herdís Sveinsdóttir:** Við góða heilsu? Konur og nútíma-



**VERÐLAUNAHAFAR** Þær Steinunn Kristjánsdóttir, Auður Jónsdóttir og Þórdís Gísladóttir hlutu Fjöruverðlaunin í ár, hver í sínum flokki.

heilbrigði í nútímasamfélagi. Helga Gottfreðsdóttir og Herdís Sveinsdóttir ritstýra. Útg. Háskólaútgáfan  
**Steinunn Kristjánsdóttir:** Sagan af klaustrinu á Skriðu. Útg. Sögufélagið  
**Guðrún Sveinbjarnardóttir:** Reykholt: Archaeological Investigations at a High Status Farm in Western Iceland. Útg. Þjóðminjasafn Íslands og Snorrastofa

### Barna- og unglingsbækur

**Anna Heiða Pálsdóttir:** Mitt eigið Harmagedón. Útg. Salka  
**Kristín Helga Gunnarsdóttir:** Grímsævið. Útg. Mál og menning  
**Þórdís Gísladóttir:** Randalín og Mundi. Útg. Bjartur

+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR HANNESSON**  
frá Litla-Vatnshorni í Haukadal,  
síðast til heimilis að  
Háholti 16, Hafnarfirði,



lést á Sólvangi þriðjudaginn 19. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 28. febrúar, kl. 13.00.

**Nanna Guðrún Jónsdóttir**  
**Ómar Ólafsson**  
**Stefán Ólafsson**  
**Jónína Ólafsdóttir**  
**Atli Ólafsson**  
og fjölskyldur.

**Sigríður Eysteinsdóttir**  
**Edda Andrésdóttir**  
**Sigurjón Sigurbjörnsson**  
**Guðfinna Árnadóttir**

+

Faðir minn, tengdafaðir, afi og fósturfaðir,

**JÓN DANÍELSSON**  
fv. skipstjóri,  
Dunhaga 15, Reykjavík,



lést hinn 19. febrúar sl. Útför hans fer fram frá Nes Kirkju fimmtudaginn, 28. febrúar kl. 15.00.

**Örn D. Jónsson**  
**Steinunn Arnardóttir**  
**Ágústa Arnardóttir**  
**Pétur Emilsson**

**Laufey Guðjónsdóttir**  
**Leópolð Kristjánsson**  
**Einar Þorsteinn Arnarson**  
**Sigrún Edda Sigurðardóttir**

+

Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓNA ÞORBJÖRG INGVARSDÓTTIR**  
Höfðatúni 5, Reykjavík,



lést sunnudaginn 17. febrúar. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 27. febrúar klukkan 13.00.

**Garðar Árnason**  
**Inga Rún Garðarsdóttir**  
**Árni Valur Garðarsson**  
**Þórir Örn Garðarsson**  
**Elva Björk Garðarsdóttir**  
ömmu- og langömmubörn.

**Reynir Jóhannsson**  
**Hildur Björnsdóttir**  
**María Norðdahl**  
**Birgir Sigurþórsson**

*Útlafarastofa*  
**SVAFARS & HERMANNSS**

571 8222  
820 3939 SVAFAR  
820 3938 HERMANN

*Virding Reynsla & Þjónusta*  
*Allan sólarhringinn*

WWW.KVEDJA.IS





# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## KÓSÍ KVÖLD

Þorinn er búinn og góa tekin við. Það þýðir að voríð er á næsta leiti. Á þessum árstíma er ágætt að njóta þess að slaka á og njóta kyrrðarinnar. Til dæmis með popp yfir góðri bíómynd, hvort sem það er í kvikmyndahúsi eða heima í stofu.

### GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkar hurða-opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

### JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.  
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900-  
[www.jarnkler.is](http://www.jarnkler.is)

# ASKUR INGU SÓLAR Á HÖNNUNARMARS

**STOLT AF STÓLNUM** Inga Sól Ingibjargardóttir lærði húsgagna- og vöruhönnun í Danmörku. Lokaverkefni hennar í skólanum var fjölnotastóllinn Askur. Stóllinn er vandaður og gerður til að endast.

Askur er sérstakur að því leyti að hann er bæði stóll, borð og hirsla. „Hönnunin er undir áhrifum skandinavísku móðernisma. Það eru þessi gömlu góðu tréhúsgögn úr tekkviði sem flestir ættu að kannast við,“ segir Inga Sól um Ask. Leiðarljós Ingu Sólár í hönnun sinni er sjálfbærni og ending. „Ég er hrifin af hlutum sem endast og miða ekki að stöðugri endurnýjun og eru því í sjálfu sér umhverfisvænir.“ Í því augnamiði er öll samsetning þannig gerð að ekkert járn er notað fyrir utan skrúfur og vandað er til verka. Fæturnir á Asku eru mjóir og rúnnaðir og vega þannig upp á móti kassanum sem þeir bera uppi. „Við fæturna eru sérstakar styrkingar svo stóllinn er sterkbyggðari en hann lítur út fyrir að vera. Hann er því gerður til að endast. Hann er að sjálfsögðu gerður úr aski eins og nafnið gefur til kynna.“

Fjölnotamöguleikar Asks eru þannig að stólbakið er einnig borðplata þegar það er lagt niður. Undir stólnum er svo skúffa sem gengur í gegnum kassann líkt og í eldspýtnastokki. „Bakið er hannað þannig að það á að veita sem bestan stuðning. Stuðningurinn er meiri en fólk myndi ætla og alveg óhætt að halla sér á það. Í skúffunni er svo skilrúm í miðjunni til að stúka hluti af sem settir eru í hana.“

Hönnunarmars er á næsta leiti og verður Inga Sól ásamt fleiri hönnuðum í Hörpunni þar sem stóllinn verður til sýnis. „Hönnunarmars er sífellt að marka sér meiri sess á alþjóðavettvangi og koma húsgagnaframleiðendur víðs vegar að úr heiminum. Að sjálfsögðu er vonin að einhverjir framleiðendur sjái stóllinn og óski eftir fjöldaframleiðslu.“

Hægt er að skoða stóllinn og aðra hönnun eftir Ingu Sól inn á heimasíðu hennar [www.ingasoldesign.com](http://www.ingasoldesign.com) á Facebook undir Ingasóldesign eða á Hönnunarmars.

■ [vidir@365.is](mailto:vidir@365.is)



Inga gerir líka ljósa-krónur úr endurnunnum mjólkurfernum.

**FJÖLNOTA OG UMHVERFISVÆNT**  
Ask má skoða á heimasíðu Ingu Sólár [www.ingasoldesign.com](http://www.ingasoldesign.com) og á Facebook.



Askur sem stóll.

Askur sem borð.

## ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

### MEÐ TUDOR



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • [www.skorri.is](http://www.skorri.is)



**TUDOR SKORRI TUDOR** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM



GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

## Fermingar tilboð

12 mán. vaxtalausar greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

## Tilboðsverð kr. 74.900.-

### VALHÖLL

Svæðisskipt heilsudýna

5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Verð með PU-leðurbotni og fótum. - Til í mörgum stærðum

Stærð 120x200 cm

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

10 ÞÚS. KRÓNA INNEIGN Á FYLGHLUTUM MEÐ ÖLLUM FERMINGARRÚMUM.



GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.

## Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Laugardaga 12:00 - 16:00


Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagna- Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum





**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
Sími 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.  
Útgefandi: **365 miðlar**  
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn:  
**Jónína María Hafsteinsdóttir** [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) s 512 5473  
**Sverrir Birgir Sverrisson** [sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is), s 512 5432  
**Elsa Jensdóttir** [elsaj@365.is](mailto:elsaj@365.is) s. 512-5427



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi  
Vissir þú að...  
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

# HEIMILI JOHNNYS CASH BREYTT Í SAFN

**UPPBYGGING** Arkansas í Bandaríkjunum er ekki mikill ferðamannastaður þrátt fyrir þá staðreynd að þar ólst Johnny Cash upp á krepputímum. Nú er verið að breyta gamla æskuheimilinu í safn.

**M**éð því að opna safn á gamla heimili Johnnys Cash vonast yfirvöld í Arkansas til þess að ferðamönnum fjölgi. Stundum hefur verið talað um svefnstaðinn Arkansas svo lítið hefur þar verið að gerast. Johnny Cash hefði orðið áttæður á síðasta ári en hann lést árið 2003. Í tilfni afmælisins var ákveðið að fara í kostnaðarsamar endurbætur á gamla heimilinu sem var fremur hrörlegt á að líta. Bærinn sem Cash ólst upp í heitir Dyess og er ekki mjög þekktur utan þess að þar eyddi söngvarinn æskuárnum sínum.

Ferðamálaráð bæjarins vonast til að hægt verði að gera gamla heimilið að jafn aðlaðandi stað fyrir ferðamenn og Graceland er hjá Elvis-aðdáendum. Aðeins rúmlega áttatíu kílómetrar eru frá Graceland til Dyess. Vonast er til að húsið verði tilbúið í september. Systkini söngvarans, Joanne og Tommy Cash, hafa verið innan handar við uppbygginguna og verið leiðbeinandi varðandi val á innastokksmunum. Þau hafa jafnframt gefið upplýsingar um lífið hjá fjölskyldunni á þessum tíma. Lífið var erfitt, mikil fátækt, en þar að auki lést eldri bróðir þeirra, Jack, af slysförum árið 1944 sem hafði mikil áhrif á fjölskyldulífið og sérstaklega Johnny.

Sögu Johnnys Cash var gerð góð skil í kvikmyndinni Walk the Line sem kom út árið 2005. Hún naut mikilla vinsælda og hlaut Óskarsverðlaun. Reese Witherspoon fékk Óskarinn sem besta leikkonan fyrir hlutverk sitt sem June Carter Cash, önnur eiginkona söngvarans.

Tónlist Cash var innblásin af því erfiða lífi sem hann ólst upp við. Meðal vinsælustu laga hans eru Walk The Line, Folsom Prison Blues, Ring of Fire, Man in Black og Hurt.



**NÝTT ÚTLIT** Unnið er að endurbótum á æskuheimili Cash-fjölskyldunnar.



**FYRIR** Æskuheimili Johnnys Cash var í mikilli niðurniðslu en það hafði ekki verið í eigu fjölskyldunnar lengi.

**CASH** Líf stórsöngvarans var ekki alltaf dans á rósum.

**AQUACLEAN ÁKLÆÐI** KYNNINGARAFSLÁTTUR  
AquaClean áklæði er sérstaklega auðvelt að hreinsa **aðeins með vatni!**



Vin  
Torino  
Mósel

**TILBODSVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI**

ALLT AÐ **70%** af völdum vörum og sýningareintökum

Borðstofustólar frá 4.900 kr Heilsukoddar 2.900 kr

Borðstofuborð 40.000 Höfðagaflar 5.000 Sjónvarpsskápar 25.000 Rúm 153cm 157.000 Púðar 2.900

Fjarstýringavasar 2.500 Hægindastólar 99.000 Tungusófar 75.400 Hornsófar 119.450 Sófasett 99.900

**Patti HÚSGÖGN**  
Verslun okkar er opin: Virka daga kl. 9-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga lokað

Patti verslun | Dugguvogi 2, 104 Reykjavík | Sími: 557 9510 | Netfang: [patti@patti.is](mailto:patti@patti.is) | vefsíða: [patti.is](http://patti.is)

**OKKAR BAKARÍ**

## GOTT Í BARNAAFMÆLIÐ

Mikið úrval af skemmtilegum kökum í afmælið

Bjúðum einnig upp á eggjalausar tertur



**Tangled, Cars, Hello Kitty, Spiderman, Barbie, Svampur Sveinsson og margt fleira.**

Kynntu þér úrvalið á [www.okkarbakari.is](http://www.okkarbakari.is) og á [facebook.com/okkarbakari](https://www.facebook.com/okkarbakari)

Okkar bakarí | Iðnbúð 2 | 210 Garðabær | Sími: 565 80 70

**SKARFASTELLIÐ Á HÖNNUN-ARMARS**

**NÝIR MUNIR**  
Guðný Hafsteinsdóttir keramikhönnuður mun sýna nýja muni sem bæst hafa við Skarfastellið hennar í Hafnarbúðum Geirsgötu á Hönnunarmars. Skarfastellið hannaði Guðný í lok síðasta árs fyrir veitingastaðinn Mar. Guðný hannaði stellið út frá sjófuglinum skarfi og tekur útlit munanna mið af litum fuglsins og umhverfi hans. Nánar má forvitnast um hönnun Guðnýjar á [www.gudnyhaf.is](http://www.gudnyhaf.is).



**LAUGARDAGSKAFFIÐ**  
MEÐ ATLA FANNARI OG HÁUK MORDINGJA  
SVART OG SYKURLAUST KL. 15 - 17





# VINNUVÉLAR

MÁNUDAGUR 25. FEBRÚAR 2013

**Kynningarblað** Vörubílar, snjóblásarar, plógar, jarðborar, Ferguson, gröfur





# Fjölbreytt verkefni Ræktunarsambands Flóa og Skeiða

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða er eitt af elstu verktakafyrirtækjum landsins. Verkefni þess eru margvísleg, allt frá gatnagerð og brúarsmíði, fjölbreyttum borverkefnum til klæðinga á stórum hluta þjóðvega landsins.

**R**æktunarsamband Flóa og Skeiða var stofnað árið 1946 og er því eitt af elstu verktakafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið skiptist í þrjár megindeildir; jarðvinnudeild, bordeild og klæðingadeild.

## Öflug jarðvinnudeild

Jarðvinnudeildin sér um vegagerð og gatnagerð af ýmsu tagi. „Á síðustu árum höfum við unnið að mörgum stórum verkefnum,“ segir Steinn Leó Sveinsson framkvæmdastjóri. Hann nefnir sem dæmi Bræðratunguveg sem er vegtenging milli Flúða og Reykhólts. „Þetta er átta kílómetra vegur með brú yfir Hvítá sem var opnaður árið 2010,“ greinir Steinn frá. Hann nefnir einnig verkefni jarðvinnudeildarinnar fyrir Orkuveituna. „Þar unnum við sem undirverktakar að jarðvinnu vegna annars áfanga Helliðarvirkjunar. Þá unnum við einnig undirstöður fyrir safnæðar og stofnlagir frá háhitaholum að virkjuninni, hvort tveggja í samstarfi við JÁVERK á Selfossi,“ segir Steinn.

Jarðvinnudeild ræktunarsambandsins hefur einnig séð um gatnagerð á Selfossi, Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn og víðar. „Á síðasta ári gerðum við fjögur hringtorg í Árnassýslu fyrir Vegagerðina. Tvö í Reykholti í Biskupstungum, eitt við Minni-Borg og eitt austast á Selfossi,“ lýsir Steinn.

## Gera út sex jarðbora

Bordeild Ræktunarsambandsins sinnir margs konar verkefnum. „Við gerum út sex bora af misjöfnum stærðum og gerðum. Tvo rannsóknarborar á beltum, tvo bílbora til borunar ferskvatns- og hitahola, borinn NASA og loks metanbor,“ segir Steinn. Borinn NASI er þeirra stærstur og nýverið lauk hann verkefni við Hoffell við Höfn í Hornafirði. „NASI getur borað niður á 2.000 metra dýpi. Við Hoffell boraði hann niður á 1.606 metra dýpi eftir heitu vatni,“ segir Steinn og lofar árangurinn mjög góðu. Meðal annarra verkefna borsins er borun á sjóholum fyrir Stolt Sea Farm, nýja fiskeldisstöð á Reykjanesi, einnig borun á átta hundruð metra djúpri holu í Kjós þar sem fannst mikið af heitu vatni. Næsta verkefni borsins er hitahola á Tálknafirði. „Það er sjaldgæft að svona borar geti borað á ská en það mun NASI gera á Tálknafirði. Þar verður borað á ská inn undir fjallshlíð,“ lýsir Steinn.

Ræktunarsambandið hefur til umræða einn metanbor. „Hann hefur í tvö til þrjú ár verið notaður í Álfsnesi til að bora eftir metangasi þar,“ segir Steinn en borinn verður notaður bæði þar og í Glerárdal á Akureyri í vor.

## Klæða stóran hluta þjóðvega

Klæðingadeild fyrirtækisins hefur verið rekin allt frá árinu 1994. „Við höfum mest unnið fyrir Vegagerðina,“ segir Steinn og



Borinn NASI að bora skáholu fyrir Orkuveituna á Helliðarvirkjun haustið 2008. Nýlega lauk hann við að bora 1.606 m djúpa holu við Hoffell við Hornafirði. Verkið var unnið fyrir Rarik með góðum árangri.

nefndir að á síðasta ári hafi deildin fengið víðfeðmt verkefni. „Við fengum suðursvæði, austursvæði og norðaustursvæði. Það er svæðið allt frá Hvalfjarðarbotni, suður og austur, allt norður að Tröllaskaga.“

## Sjálfum sér nóg

Starfsmenn Ræktunarsambands Flóa og Skeiða eru nú 35 talsins. Fyrir utan fyrr-

nefndar deildir er einnig rekið vélaverkstæði sem þjónustar allar deildir og skrifstofur við Gagnheiði 35 á Selfossi. „Við erum sjálfum okkur nóg um flest, flytjum inn varahluti og smíðum sjálf margt í kringum hið sérhæfða borverk,“ segir Steinn.

Fleiri upplýsingar um Ræktunarsambandið má nálgast á [www.raekto.is](http://www.raekto.is).

# Fjölbreytt úrval vinnuvéla og tækja

Aflvélar bjóða upp á breitt úrval vinnuvéla frá gæðamerkinu Aebi-Schmidt í Þýskalandi og hinu hagstæða pólska Pronar-merki. Nýjasta tækið í flórunni er fjölnota vinnuvél frá Holder í Þýskalandi sem á augabragði má breyta úr snjóblásara í götusópara.

**S**tarfsemi okkar skiptist í stórum dráttum í tvennt. Fyrst ber að nefna tæki til viðhalds flugvalla, s.s. stóra sópa, snjóruðningstæki og sanddreifara. Síðan eru það tæki til þjóðvegaviðhalds, eins og kantsláttuvélar, stikuþvottavélar, vegasópar, malbikunarkassar, vegheflar, snjótennur og snjóblásarar,“ segir Halldór Kr. Jónsson, framkvæmdastjóri Aflvéla.

## Góð merki

Aflvélar ehf. hafa um áratugaskeið selt vélar frá þýska hágæðamerkinu Aebi-Schmidt sem er einn stærsti framleiðandi á vinnuvélum og tækjum í heiminum, enda hafa Aflvélar lagt ríka áherslu á gæði og öryggi.

„Síðan erum við með annan ódýrari valkost í vetrar- og sumartækjum, sem heitir Pronar, sem er líklega ódýrasta lausnin á markaðnum í dag,“ segir Halldór og útskýrir að eftir árið 2007 hafi eftirspurnin breyst mjög. Viðskiptavinir velji nú verð umfram gæði. „Þá duttum við niður á ódýrari en samt mjög góða vöru frá Pronar, sem er stærsti framleiðandinn á vetrar- og sumartækjum í Póllandi. Þessi tæki fóru fyrst í sölu núna í vetur og hafa gefið góða raun. Nú fer að líða að sumri en Pronar framleiðir líka mikið úrval landbúnaðartækja og dráttarvéla á mjög hagstæðu verði og það verður ánægjulegt að geta boðið viðskiptavininum ódýrari valkosti í landbúnaðargeiranum líka,“ lýsir Halldór.

## Öll tæki fyrir veturinn

Aflvélar eru með allar vélar sem snúa að vetrarþjónustu. „Við erum með snjóplóga af alls konar gerðum, fastar tennur, undirtennur, kastplóga og fjölplóga. Þá erum við



Aflvélar eru með allar vélar sem snúa að vetrarþjónustu. Halldór Kr. Jónsson framkvæmdastjóri stendur hér við öflugan snjóblásara. MYND/VALLI

með sanddreifara í öllum stærðum, allt frá litlum 0,3 rúmmetra sem hægt er að tengja aftan í bíl upp í risastóra 9,0 rúmmetra sem settir eru á bílpalla,“ telur Halldór upp og bætir við að Aflvélar séu einnig með snjóblásara, allt frá litlum 1,5 metra á dráttarvélar upp í 3,0 metra fyrir vélaskóflur.

## Fjölnota vinnuvél er hagstæðari kostur

Aflvélar selja flestar vélar til verktaka, Vega-

gerðarinnar og flugvalla. Halldór segir þó að áhugi sveitarfélaga á því að koma sér upp tækjum hafi nýlega vaknað á ný.

Nýjasta tæki Aflvéla hentar sveitarfélögum til dæmis ákaflega vel. „Þetta er fjölnota vinnuvél sem hægt er að nota allt árið um kring. Aðeins tekur nokkrar mínútur að breyta tækinu úr snjóblásara í götusópara sem dæmi,“ upplýsir Halldór en tækinu er breytt með því að skipta um áhöld á því.

„Það er mikið hagræði að eiga svona tæki, sem getur verið allt í senn snjóruðningstæki, sópur eða bara þjónustubíll og nýttist því til allra verka. Þannig liggur ekki eitt tæki ónotað eina árstíð meðan annað tæki er í notkun,“ segir Halldór en fyrsta tækið af þessari tegund var nýlega afhent til Hreinsitækja ehf.

Nánari upplýsingar má nálgast á [www.aflvelar.is](http://www.aflvelar.is).



# SVEFNHERBERGI

MÁNUDAGUR 25. FEBRÚAR 2013

**Kynningarblað** Dúnsængur, svefnleysi, feng shui, fermingargjafir, sængurver.



Borghildur Hauksdóttir, verslunarstjóri Lín Design, segir fermingartilboðin fjölbreytt í ár.

MYND/PIETUR

## Draumapakki fermingar barnsins

Hjá versluninni Lín Design má nálgast flest það sem þrýðir falleg svefnherbergi. Yfir áttatíu gerðir sængurfatnaðar ætlaðar börnum og fullorðnum eru á boðstólum en auk þess býður verslunin mikið úrval dúka, púða, gluggatjalda og handklæða sem gefa heimilinu hlýju.

Allar vörurnar okkar eru hannaðar af íslensku hönnunarteymi en til þess að geta boðið gott verð látum við framleiða vörur okkar erlendis," segir Borghildur Hauksdóttir, verslunarstjóri Lín Design.

Í versluninni má nálgast flest það sem þrýðir falleg svefnherbergi auk úrvals annarra vara, svo sem dúka, gluggatjalda og handklæða, og segir Borghildur mikla áherslu lagða á gæði.

„Við notum eingöngu hundrad prósent pima-bómull í vörurnar okkar en stönglar hennar eru lengri en í öðrum tegundum bómullar. Fyrir vikið verður sængurfatnaðurinn mýkri og rakadrægari," útskýrir Borghildur.

Hún segir mikinn þráðafjölda einkenna allar bómullarvörur Lín Design en verslunin er sú eina hér á landi sem býður jafn breitt úrval af hágæða rúmfatnaði sem auk þess er hannaður af Íslendingum. Dúnsængur Lín Design hafa einnig notið mikilla vinsælda en þær innihalda einungis 100% andadún.

„Þessa dagana erum við á fullu við að undirbúa fermingarnar en löng hefð er fyrir því að bjóða upp á góð tilboð á þessum tímamótum barnsins. Í fermingarpemanu í ár

kennir ýmissa grasa og er strákunum ekki síður gert hátt undir höfði en stelpunum. Um tuttugu gerðir sængurfatnaðar verða á fermingartilboðum en mynstrin spanna allt frá íslensku blómaflórinni til nýstárlegri mynstra sem sérstaklega voru hönnuð fyrir unglinga. Fermingartilboðin eru fjölbreytt og í mismunandi verðflokkum þannig að allir eiga að geta fundið eitthvað við hæfi," segir Borghildur og bætir við að nú sé algengt að vinir og vandamenn slái saman í gjafir. Gjafirnar geti verið allt frá einu sængurverasetti upp í draumapakann sem samanstendur oft af dúnsæng, dúnkodda, sængurverasetti, laki, púða og rúmteppi. Einnig séu í boði smærri fermingargjafir allt frá 1.500 krónum og upp úr sem systkini fermingar barnanna og jafnvel vinir gefa til að gleðja.

„Þess má geta að allir landsmenn hafa sama aðgang að vörum okkar í gegnum vefverslun okkar lindesign.is og sendir verslunin frítt hvert á land sem er. Í ár ætlum við einnig að bregða á leik með fermingarbornunum og bjóða aðstandendum þeirra að skrá nöfn þeirra í gjafapottinn okkar en þrjú fermingarborn fá svo veglega gjöf frá versluninni.“



Aðstandendur fermingar barnsins slá gjarnan saman í dúnsæng, kodda og sængurverasett handa fermingar barninu.



# Góð yfirsýn og regla

Fólk eyðir um þriðjungi ævinnar í svefnherberginu og því er ráð að hafa það eins vistvænt og mögulegt er. Samkvæmt feng shui-fræðum ætti rúmið ávallt að vera eins langt frá svefnherbergisdýrunum og mögulegt er og ætti eigandinn að hafa góða yfirsýn yfir herbergið úr rúminu. Þá er mikilvægt að allar dyr séu lokaðar á nóttunni og að hlutirnir séu í röð og reglu.

**F**eng shui er kínverskt hugtak sem gengur út á að öðlast og viðhalda jákvæðri líforku eða qi eins og það heitir á kínversku. Jafnvægi og gott orkuflæði skiptir þarna miklu máli og hefur aðferðin löngum verið notuð við hönnun hvers kyns húsa-kynna. Markmiðið er að fólki líði sem best í húsakynnum.

Ein af grundvallarreglum feng shui-fræða er að losa sig við allt óþarfa dót og drasl en það er talið hindra gott orkuflæði. Almennt gera þessi fræði ráð fyrir því að heimilinu sé haldið fersku, hreinu, lífrænu og opnu. Einnig er nokkuð lagt upp úr náttúrulegum efnum og þægilegum umhverfishljóðum.

## Jarðlitir

Fólk eyðir um þriðjungi ævinnar í svefnherberginu og því er ekki vitlaust að gera það eins vistvænt og mögulegt er. Samkvæmt feng shui-fræðum ætti svefnherbergi að hafa yfir sér rólegt yfirbragð. Litaval ætti að vera afslappandi og er oft vísið til húð- og jarðlita í þeim efnum. Bjartir og skærir litir virka stuðandi og þykja óráðlegir í svefnherbergi. Þá er mælt með því að vera með náttúruleg efni og plöntur en það er talið hreinsa andrúmsloftið og bæta svefn. Forðast ætti að hafa tölvur og sjónvarp í herberginu enda er það staður til að hvílast og elskast, sé því deilt með maka. Þessi tæki draga athygli frá makanum og trufla hljóðláta afslöppun.

Rúmið ætti að vera eins langt frá herbergisdýrunum og mögulegt er. Ef þær er til hægr ætti rúmið að vera vinstra megin í herberg-

inu og öfugt. Best er ef rúmgaflinn er upp við vegg og gott pláss er fyrir framan rúmið. Til að ná fram góðu jafnvægi er æskilegt að hafa eins náttborð og lampa báðum megin við rúmið.

## Góð yfirsýn

Því lengra sem rúmið er frá hurðinni því meiri yfirsýn hefur eigandinn yfir herbergið, sem þykir ákjósanlegt. Þá þykir mjög mikilvægt að eigandinn sjái hurðina um leið og hann opnar augun og þurfi ekki að snúa upp á líkamann eða standa upp til að líta hana augum. Það getur verið streituvaldandi að geta ekki samstundis séð ef einhver gengur inn í herbergið. Ef herbergisskipanin býður ekki upp á það má stilla spegli upp þannig að hægt sé að sjá hurðina frá rúminu en annars þykir mikil speglaotkun í svefnherberginu ekki æskileg. Séu myndir á veggjunum ætti að velja myndir sem vekja vellíðan og góðar minningar.

## Lokaðar dyr

Mælt er með því að svefnherbergishurðin sé alltaf höfð aftur á nóttunni en þannig helst orkuflæðið best. Eins ætti að loka öllum skáp-hurðum og skúffum og alls ekki hafa föt og smáhluti á víð og dreif. Meginreglan er að sem minnst af óþarfa sé í svefnherberginu. Rúm, náttborð, lampar og fataskápur ættu í raun að duga. Sé skrifborð eða annað í herberginu ætti að reyna að hafa þar allt í sem mestri röð og reglu og koma öllu smálegu í skúffur og kassa.



Litaval í svefnherbergi ætti að vera afslappandi og er gjarnan mælt með húð- og jarðlitum. Með því að hafa sams konar náttborð og lampa hvorum megin við rúmið er stuðlað að góðu orkuflæði í herberginu. NORDICPHOTOS/GETTY



Það þykir mjög mikilvægt að sá sem sefur í herberginu sjái dýrnar inn í svefnherbergið.



Mælt er með því að svefnherbergisdýrnar og allir skápar séu lokaðar.

## KOJUR SPARA PLÁSSIÐ

Þegar tvö eða fleiri systkin deila svefnherbergi er plássið af skornum skammti. Þá koma kojur afar sterkt inn. Þær spara plássið auk þess sem þessi hagnýtu húsgögn geta orðið uppspretta margra leikja. Kojur geta á svipstundu breyst í hús eða helli með því einu að hengja teppi fyrir neðri kojuna. Þá geta þær líka nýst hugmyndaríkum krökkum stórvel sem strætó eða sjóræningja-skip.



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Sigurjón Viðar Friðriksson, sigurjon@365.is, s. 512 5447

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Hreinsum dúnsængur



Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík • Sími 553 1380

# Dúnsængur geta enst í yfir tuttugu ár

Dún og fiður er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu, endurnýjun og hreinsun á sængum, koddum, púðum og pullum úr dúni og fiðri. Mikilvægt er að láta hreinsa sængur og kotta til að lengja líftíma þeirra.

**D**ún og fiður byggir á rúmlega fimmtíu ára gömlum merg. Fyrirtækið hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá upphafi og því reynslumikið fólk sem stendur að því.

## Gæðasængur úr gæðadúni

Dún og fiður framleiðir sængur úr mismunandi dúni og fiðri. „Við búum til sængur úr nokkrum gerðum af dúni. Æðardúni, sem er mjög dýr, gæsadúni og andadúni,“ segir Anna Bára Ólafsdóttir, einn eigenda. Gæsadúnninn kemur frá Síberíu og flokkar Dún og fiður hann í svanaðúnsængur annars vegar og snjógæsadúnsængur hins vegar. „Snjógæsadúnninn gefur æðardúninum ekkert eftir, hvort sem er í léttleika eða hlýleika, en er samt níu sinnum ódýrari,“ segir Anna Bára.

Dún og fiður framleiðir æðardúnsængur eingöngu eftir pöntunum. Aðrar dúnsængur eru fyrirbyggjandi á lager í nokkrum stærðum en einnig má sérpanta aðrar stærðir.

## Hreinsun er mikilvæg

Dún og fiður sér um hreinsun á dúnsængum og -koddum. „Hreinsa þarf sængur á tveggja til þriggja ára fresti því í þær safnast ryk og dúnninn safnar í sig raka og svita,“ segir Anna Bára og leggur



Sæng eru frábær fermingargjöf. Mikið úrval er af gæðasængum hjá Dún og fiðri á Laugavegi 86.

áherslu á að fólk láti fagaðila um hreinsunina. Hún segir suma ráðleggja fólki að þvo og þurrka sængur sjálf með slæmum afleiðingum. „Ég fékk til mín fjórar ónýtar sængur fyrir jólin sem voru með brunagati,“ upplýsir hún. „Maður á alls ekki að setja þúsund gramma sængur í venjulegar þvottavélar og þurrkara. Þegar dúnninn fer að þorna treðst hann út í tromluna á þurrkaranum. Við það verður engin loftun og þá kemur brunagati á sængina auk þess sem eldhætta hlýst af,“ lýsir hún og bætir

við að venjulegar þvottavélar þoli illa að þvo 1.000 gramma sængur þar sem þyngd dúnsins margfaltast þegar hann blotnar.

Koddana þarf að þvo einu sinni á ári eða á tveggja ára fresti að sögn Önnu Báru. Hún áréttar að Dún og fiður noti vistvænt efni við hreinsunina sem brotnar niður í náttúrunni á innan við sólarhring.

## Líftíminn lengist við hreinsun

Með því að hreinsa sængur lengist líftími þeirra, að sögn Önnu Báru. „Meðallíftími gæsadúnsins er í kringum tuttugu ár. Meðalaldur utanyfir-versins er í kringum tíu ár og því er æskilegt að skipta um verið þá og bæta dúni í sængina um leið,“ segir hún og telur að Dún og fiður sé eina verslunin í heimi sem endurnýjar sængur með þessum hætti.

## Góðar fermingargjafir

Sængur í góðum gæðum eru góðar fermingargjafir. Dún og fiður býður upp á fermingartilboð að venju. „Þá erum við líka með tilboð á ítölsku Bellora-vörnum og rýmingarsölu á handklæðum,“ segir Anna Bára og bendir á að falleg rúmföt og vefnaðarvara séu einnig tilvaldar til fermingargjafa.

Dún og fiður er til húsa á Laugavegi 86. Nánari upplýsingar má nálgast á [www.dunogfidur.is](http://www.dunogfidur.is)



## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
sölufultrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
lögfræðingur



Ruth Einarsdóttir  
sölufultrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir  
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | [www.heimili.is](http://www.heimili.is)

530 6500

## Fallegt raðhús í Garðabæ

Fasteignamarkaðurinn ehf. kynnrir: Glæsilegt 248,9 fermetra endaraðhús með innbyggðum 29,4 fermetra bílskúr á frábærum stað í Akralandinu í Garðabæ.

**F**orstofan er flísalögð og með fataskápum. Stórt og parketlagt forstofuherbergi.

Badherbergi er rúmgott, gólf og veggir með flísum, sturtuklefi og innrétting með granítplötu. Rúmgóðar samliggjandi stofur, parketlagðar og bjartar með útgengi á hellulagða verönd til suðurs og austurs og þaðan á tyrfaða lóð. Gólfsíðir gluggar í stofu og stór rennihurð út á verönd.

Eldhús er opið inn í stofu, parketlagt og með fallegum og vönduðum sérsníðuðum hvítum, sprautulökkuðum innréttingum upp í loft, granít á borðum. Vönduð tæki, tveir ofnar og spanhelluborð í eldhúsi og innbyggð uppþvottavél í eldhúsinnréttingu. Á efri hæð er gengið um



Fallegt endaraðhús í Akralandinu í Garðabæ.

steyptan stiga með kókesteypt en stigapallur er parketlagður og með útgengi á stórar svalir til suðurs. Sjónvarpshol er parketlagt. Þrjú barnaherbergi, öll stór, parketlögð og með fataskápum. Hjónaherbergið er mjög stórt, parketlagt og með fataherbergi inn af. Úr hjónaherbergi er útgengi á svalir til austurs.

Badherbergi á efri hæð er með glugga, flísar á gólfi og veggjum, bæði sturtuklefi og badkar.

Góðar innréttingar með granítplötu og handklæðaofn. Þvottaherbergi er með glugga, flísalagt og með vinnuborði.

Bílskúrin er með glugga, flötuðu gólfi, hita og heitu og köldu vatni.

Húsið er klætt með báruáli og flísum og er í góðu ástandi að utan.

Lóðin er fullfrágingin. Nánari upplýsingar hjá Fasteignamarkaðnum ehf. sími 570-4500.



Rúnar Gíslason  
Lögg. fasteignasali

### FASTEIGNASALAN BÆR

[www.fasteignasalan.is](http://www.fasteignasalan.is)

## Viltu selja?

Vegna mikillar sölu vantar mig 2ja og 3ja herbergja íbúðir í hverfum 101 og 105 Reykjavík. Ákveðnir kaupendur bíða eftir réttu eigninni.

Talaðu endilega við Auði í síma 824-7772 eða [audur@fasteignasalan.is](mailto:audur@fasteignasalan.is)

Sími 824 7772

Auður Kristinsdóttir  
Sölufultrúi

[audur@fasteignasalan.is](mailto:audur@fasteignasalan.is)

Auður Kristinsdóttir



FRÍTT VERÐMAT HRINGDU NÚNA

820 8081

Sýlvía G. Walthersdóttir  
[sylvia@remax.is](mailto:sylvia@remax.is)



RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • [WWW.REMAX.IS](http://WWW.REMAX.IS)

### Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
[einar@fastmos.is](mailto:einar@fastmos.is)



KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
[WWW.FASTMOS.IS](http://WWW.FASTMOS.IS)

#### Sundagarðar - 104 Reykjavík



Laus strax

Gott 1742,8 m<sup>2</sup> lager- og skrifstofuhúsnæði á við Sundagarða 4-6 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. Stórt bílplan. Lagerhúsnæði með mjög mikilli lofthæð og góðu hillukerfi. Á efri hæð eru fullbúnar skrifstofur með innréttingum, fundasalur og eldhúsaðstöðu. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 240,0 m.

#### Hlaðhamrar 14 - 112 Reykjavík



Laus strax

Fallegt 144,5 m<sup>2</sup> endaraðhús með rislofti ásamt 27,7 m<sup>2</sup> bílskúr við Hlaðhamra 14 í Reykjavík. Eignin skiptist í: forstofu, tvö svefnherbergi, badherbergi, þvottahús/geymsla, eldhús, stofa og sólstofa. Risloft: herbergi/stofa, badherbergi og geymsla. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 39,9 m.

#### Ölduslóð 6 - 220 Hafnarfjörður



Laus strax

130,4 m<sup>2</sup> íbúð efri hæð og ris í tvíbýlishúsi ásamt ca. 45 m<sup>2</sup> bílskúr með geymslukjallara við Ölduslóð 6 í Hafnarfirði. Eignin skiptist í: forstofu, hol, eldhús, hjónaherbergi og tvær samliggjandi stofur. Rishæð: fjögur svefnherbergi og þvottahús. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 29,9 m.



Laus strax

#### Álfholt 56C - 220 Hafnarfjörður

66,1 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð með fallegu útsýni á 3ju. hæð í 4ra hæða fjölbýlishúsi við Álfholt 56C í Hafnarfirði. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 15,5 m.



#### Barðavogur - 104 Reykjavík

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍDSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**BÍÓ PARADÍS**

THE HUNT (JAGTEN)	(12)	17:50, 20:00, 22:10
BEYOND THE HILLS	(16)	21:30
KON-TIKI	(12)	17:50, 20:00
HOLY MOTORS	(16)	22:10
HVELLUR	(L)	20:00
XL	(16)	18:00

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN:** bioparadis.is/klubburinn  
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS!



MARY POPPINS



EKKERT HRÆDD Tinna Karítas, Sigurður Víðar, Kolbrún Helga.



SKEMMTU SÉR VEL Margrét og Álfrún.



GLEÐI GLEÐI Eiríkur og Margrét Erla Maack.



SPENNT FYRIR MARY Hlíf og Hákon.

Enginn viðbættur sykur, ekkert ger.

# HRJÚFT Á YFIRBORÐINU HOLLT AÐ INNAN

Þeir sem hugsa um hollustuna velja BURGER hrökkbrauð. Í því er enginn viðbættur sykur og ekkert ger. Það er líka einstaklega bragðgott!

Það er engin tilviljun að BURGER er vinsælasta hrökkbrauðið á Íslandi.



HUGSAÐU UM HOLLUSTUNA!



## RV birginn þinn - í skrifstofuvörum



Ljósritunarprentpappír  
500 bl/búnt  
Verð frá  
**499 kr.**



Vöndu bréfabindi í miklu úrvali  
Verð frá  
**288 kr./stk.**



12 stk. Trélitir  
**297 kr.**



Reiknivélar 10 stafa  
**1.598 kr.**

### Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is





## Árni tapaði titlinum í Dyflinni

**MMA** Árni „úr járni“ Ísaksson tapaði um helgina sínum fimmta MMA-bardaga á ferlinum þegar hann varð að játa sig sigraðan gegn Ali Arish í Cage Contender-keppninni í Dyflinni á Írlandi. Titill Árna í veltivigt var að veði en Arish vann á stigum að loknum þremur lotum. Dómararnir dæmdu allir eins, 30-27, Arish í vil.

Bardaginn náði aldrei neinum hæðum en Arish var duglegur að ná Árna niður í gólfid og halda honum þar. Árni reyndi hvað hann gat að koma höggum á Arish en komst aldrei almennilega gang.

Fyrr um kvöldið vann Bjarki Þór Pálsson andstæðing sinn í keppninni og fer því atvinnumannaferrill hans í íþróttinni vel af stað. Bjarki vann á svokölluðu armbar-taki í annarri lotu.

Gunnar Nelson, sem á sterk tengsl við Írland, var í horninu hjá bæði Árna og Bjarka í bardögum þeirra.



- esá

## Tileinkaði Steinari Erni sigurmarkið

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason var hetja sinna manna í Heerenveen en hann skoraði sigurmark liðsins gegn Twente í hollensku úrvalsdeildinni. Leiknum lauk með 2-1 sigri en Alfreð skoraði mark sitt með skalla á 79. mínútu leiksins.

Alfreð lyfti treyju sinni er hann fagnaði marki sínu og sýndi bol með áletruninni „Hvíl í friði, Steinari“ en Steinari Örn Ingimundarson lést í síðustu viku, aðeins 44 ára gamall. Alfreð sagði í viðtölum eftir leik að hann hefði gert þetta til að heiðra



minningu föður besta vinar síns, Þórs Steinars-sonar.

Mark Alfreðs var hans sautjándi í hollensku úrvalsdeildinni þetta tímabilið en þess má geta að hann skoraði tólf mörk fyrir Helsingborg í Svíþjóð áður en hann var keyptur til Hollands í sumar. Alfreð er þriðji markahæsti leikmaður deildarinnar en efstur á listanum er Wilfried Bony, leikmaður Vitesse, með

22 mörk.

Sigurinn var kærkominn fyrir Heerenveen sem er í tólfthá sæti deildarinnar eftir leiki helgarinnar.

- esá

## ÚRSLIT

### N1-DEILD KARLA

**HK - FRAM** 25-27 (12-12)  
Bjarki Már Elísson 10/1 (15/1), Tandri Már Konráðsson 6 (14)–Sigurður Eggertsson 8/1 (13/1).

### N1-DEILD KVENNA

**HK - FYLKIR** 30-14 (14-5)  
Jóna S. Halldórsdóttir 7, Guðrún Erla Bjarnadóttir 6–Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir 3.

**FH - VALUR** 23-32 (12-15)  
Ásdís Sigurðardóttir 8–Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 7, Dagný Skúladóttir 6, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 6, Þorgerður Anna Atladóttir 6.

**HAUKAR - ÍBV** 23-28  
**SELFOSS - GRÓTTA** 22-32

### DOMINO'S-DEILD KARLA

**STJARNAN - GRINDAVÍK** 104-82 (59-43)  
Stjarnan: Christopher Smith 28/9 fráköst/4 varin skot, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 23/11 fráköst, Justin Shouse 23/7 fráköst/5 stoðsendingar, Jovan Zdravevski 15/5 fráköst.

**KFÍ**: Damier Erik Pitts 45/8 fráköst/8 stoðsendingar, Tyrone Lorenzo Bradshaw 15/6 fráköst, Þorleifur Ólafsson 16/6 fráköst.

**FJÖLNIR - ÞÓR ÞORL** 93-105 (44-50)  
Fjölirnir: Christopher Smith 28/9 fráköst/4 varin skot, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 23/11 fráköst.

**ÞÓR Þ**: David Bernard Jackson 27/15 fráköst, Benjamin Curtis Smith 26/5 fráköst.

**KFÍ - NJARÐVÍK** 93-119 (43-65)  
KFÍ: Damier Erik Pitts 45/8 fráköst/8 stoðsendingar, Tyrone Lorenzo Bradshaw 15/6 fráköst.

**Njarðvík**: Nigel Moore 34/8 fráköst/6 stoðsendingar, Elvar Már Friðriksson 20, Ólafur Helgi Jónsson 16, Marcus Van 15/10 fráköst.

## visir.is

Allt um leiki helgarinnar

# Langaði að prófa þessa þyngd

Júlían J. K. Jóhannsson náði ekki að tryggja sér Norðurlandsmeistaratitil unglinga í kraftlyftingum, þrátt fyrir að hann hafi bætt sinn besta árangur í bekkpressu og réttstöðulyftu. Hann klikkaði í hnébeygjunni.

**KRAFTLYFTINGAR** Júlían Jóhann Karl Jóhannsson, heims- og Evrópumeistari unglinga í réttstöðulyftu, náði ekki að bæta Norðurlandsmeistaratitlinum í safnið sitt en mótið var haldið í Laugardalnum nú um helgina. Júlían hefði unnið öruggan sigur en hann gerði þriðvegis ógilt í hnébeygju og gat því ekki skilað samanlögðum árangri.

Júlían bætti þó sinn besta árangur í bæði bekkpressu og réttstöðulyftu á mótinu. Hann lyfti 247,5 kg í bekkpressu og bætti met sitt um tvö og hálf kíló.

Bætingin hans í réttstöðulyftunni, hans bestu grein, var öllu meiri. Júlían varð Evrópumeistari unglinga síðasta sumar með því að lyfta 327,5 kg og heimsmeistari í sama flokki með því að lyfta 330 kg. Hann gerði sér lítið fyrir um helgina, lyfti 350 kg og bætti sig því um heil 20 kg.

„Jú, það kom gríðarlega á óvart,“ segir Júlían við Fréttablaðið. „Fyrst ég gat ekki stefnt á samanlagðan árangur ákvað ég að fara í þyngd sem mig langaði að prófa. Svo fór þetta bara upp,“ bætir hann við.

Hann segir þetta hafa verið smá sárabót fyrir að missa af titlinum og það á heimavelli. Júlían klikkaði reyndar líka á hnébeygjunni á HM drengja í Kanada árið 2011 og náði ekki samanlögðum árangri þá.

„Ég var mjög ánægður með bekkpressuna og réttstöðulyftuna. Ég þarf hins vegar að leggja yfir tæknina í hnébeygjunni og breyta einhverju þar,“ segir Júlían sem ákvað að taka ekki „öryggisþyngd“ í fyrstu tilraun. Hann fór beint í 327,5 kg sem hefði verið bæting hjá honum.

„Mér fannst ég bara vera svo pottþéttur á



**KRAFTAKARL** Júlían er núverandi heims- og Evrópumeistari unglinga í réttstöðulyftu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þessu og æfingar höfðu gengið vel. En ég verð fljótur að jafna mig á þessu. Næsta mót er EM unglinga í byrjun apríl og einhverju verður breytt hjá mér fyrir það mót.“

Í kraftlyftingum er unglingaflokkur upp í

23 ára aldur. Júlían er aðeins tvítugur og á því nokkur ár eftir í sínum flokki, en hann keppir í yfirþungavigt. „Ég stefni á að ná góðum árangri í apríl og vona að ég eigi enn meiri bætingu inni þá.“

eirikur@frettabladid.is

## Golfsettið ferðast frítt!



+ Skráðu þig í Icelandair Golfers á [www.icelandairgolfers.is](http://www.icelandairgolfers.is)



# Golfers





# SVARTUR Á LEIK

STÖÐ 2 BÍÓ 16. MARS



Stöð 2 Bío fylgir frítt með Stöð 2

## SPENNANDI FRUMSÝNING

Búðu þig undir spennandi tíubíó í páskamánuðinum. Misstu ekki af þessari margverðlaunuðu spennumynd á Stöð 2 Bío ásamt fjölda annarra frábærra og fjölbreyttra kvikmynda.

PRENN  
EDDUVERÐLAUN

Besta handritið  
Besti leikari í aukahlutverki  
Besta leikkona í aukahlutverki







**FAGNAÐ** Ashley Williams, fyrirlíði Swansea, með titilinn í gær. GETTY

## Fyrsti titillinn til Swansea

**FÓTBOLTI** Swansea vann 5-0 sigur á D-deildarliði Bradford í sögulegum úrslitaleik ensku deildabikarkeppninnar á Wembley-leikvanginum í gær. Þetta er fyrsti stóri titillinn í 101 árs sögu Swansea og var honum eðlilega vel fagnað. Swansea vann sér með sigrinum þátttökurétt í Evrópu-deild UEFA á næsta ári.

Bradford hafði slegið út þrjú úrvalsdeildarlið á leið sinni í úrslitaleikinn – Wigan, Arsenal og Aston Villa. En liðið hafði ekki roð við Swansea sem var miklu betra á öllum sviðum í gær.

„Ég er mjög stoltur af liðinu,“ sagði stjórninn Michael Laudrup. „Það er alltaf sérstakt að vinna fyrsta titilinn.“

Nathan Dyer og Jonathan De Guzman skorðu tvö mörk hvor fyrir Swansea og Michu eitt. Matt Duke, markvörður Bradford, fékk að líta rauða spjaldið í stöðunni 3-0 fyrir að brjóta á De Guzman í teignum. -esá

# Stefnan að komast til Kölnar

Pórir Ólafsson og félagar hans í pólska liðinu Vive Targi Kielce voru þeir einu sem komust í gegnum riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu með 100 prósentu árangur. Póri og fjölskyldu hans líður vel í Póllandi.

**HANDBOLTI** Vive Targi Kielce frá Póllandi vann um helgina sinn tíunda sigur í jafnmörgum leikjum í C-riðli Meistaradeildar Evrópu. Liðið var fyrir löngu búið að tryggja sér farseðilinn í 16-liða úrslitin en með sigrinum á slóvenska liðinu Gorenje Velenje á úti-velli varð ljóst að Kielce er eina liðið í allri riðlakeppninni sem fór í gegnum alla leikina án þess að tapa stigi.

„Við vorum nokkuð öruggir með að vera eitt fjögurra liðanna sem kæmst áfram en við hefðum kannski ekki trúað því hefði einhver sagt okkur fyrirfram að við myndum vinna alla leikina,“ sagði Þórir sem var markahæstur í leiknum um helgina með sjö mörk.

„Það voru kannski erfiðari riðlar í keppninni en okkar en við þurftum að spila á nokkrum erfiðum útivöllum. Við erum gríðarlega ánægðir með árangurinn en nú hefst ný keppni í 16-liða úrslitunum. Við vildum koma okkur í sem bestu stöðu áður en dregið er í næstu umferð og það tókst með því að ná efsta sætinu,“ bætir hann við.

Fjögur lið komast úr riðlunum fjórum í næstu umferð. Dregið verður í 16-liða úrslitin en Kielce getur aðeins fengið lið sem höfnuðu í fjórða sæti síns riðils. Þórir veit þó að það getur allt gerst í útsláttarkeppni.

„Það tekur við í raun ný keppni en efsta sætið gefur okkur vissulega meiri möguleika en ella. Markmið okkar er að komast í „Final Four“ í Köln og við teljum



**MEÐ LANDSLIÐINU** Þórir Ólafsson fagnar hér einu marka sinna á HM í Spáni í janúar. NORDICPHOTOS/GETTY

að það sé raunhæft. Það verður vissulega erfitt en það er allt hægt,“ segir Þórir en undanúrslitin og svo úrslitaleikurinn fara fram sömu helgina í Köln í Þýskalandi, eins og undanfarin ár.

### Tveggja turna tal í deildinni

Segja má að deildin heima í Póllandi sé tveggja turna tal. Kielce er ríkjandi meistari, bæði í deild og bikar, og eina liðið sem getur velt liðinu af þeim stalli er Wisla Plock.

Þessi lið mætast einmitt um næstu helgi í nánast hreinum úrslitaleik um efsta sæti deild-

arinnar og heimaleikjaréttinn alla úrslitakeppnina. „Wisla vann okkur á sínum heimavelli með sjö marka mun fyrir á tímabilinu og því hefðum við þurft að vinna þá með átta marka mun til að ná efsta sætinu nú. En Wisla var á dögnum dæmt 10-0 tap fyrir að útvega ekki lækna fyrir leik liðsins í deildinni. Liðið hefur reyndar áfrýjað þeim dómi,“ segir Þórir og bætir við að sínir menn fái ekki mikla mótspyrnu frá öðrum liðum í deildinni.

„Það er oft óþægilega mikill munur á liðunum og leikirnir eru oft fljótir að klárast. Það er svo átta liða úrslitakeppni í vor en fyrir-

„Það er oft óþægilega mikill munur á liðunum og leikirnir eru oft fljótir að klárast.“

Þórir Ólafsson, leikmaður Kielce í Póllandi

komulagið er umdeilt og umræðan um það ekki ósvipuð þeirri sem var á Íslandi lengi vel. Mikilvægi deildarinnar hefur fengið að líða fyrir það,“ segir Þórir sem hefur verið í stóru hlutverki að undanfögnu þar sem hinn hægri hornamaðurinn, Ivan Cupic, er meiddur.

„Við erum reyndar aðeins tveir örvhentir leikmenn í liðinu núna sem eru heilir og það má því lítið út af bera. Ég kom aftur eftir HM á Spáni með smá meidlsli og missti af tveimur leikjum í deildinni sem kom ekki að sök. Þetta hefur gengið upp hingað til,“ segir hann.

### Strákarnir í pólskum skólum

Þórir er nú á sínu öðru ári í Póllandi og líður vel. Hann er með fjölskyldu með sér, konu og tvo syni. „Sá eldri er á áttunda ári og byrjaður í skóla þar sem hann talar pólsku. Það gengur mjög vel. Svo er sá yngri, sem er eins og hálfis árs, byrjaður í leikskóla og þarf núna að læra inn á allt þar,“ segir Þórir en um 200 þúsund manns eiga heima í Kielce.

„Við vorum búin að kynna okkur málin vel áður en við tókum þá ákvörðun að koma hingað og óhætt að segja að okkur lífi vel hér.“

eirikur@frettabladid.is

## KIA GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI



The Power to Surprise

ergo Frábær fjármögnun í boði



5 ár eftir af ábyrgð

Gott eintak

### Kia Sportage EX 4wd

Árg. 2011, ekinn 36 þús. km, 136 hö dísil, beinsk., 6 girar, eyðsla 5,7 l/100km\*.

▶ Verð 4.990.000 kr.



Lítið ekinn

Gott eintak

### Kia Sorento EX 4wd 2,5

Árg. 2008, ekinn 73 þús. km, dísil, 170 hö., sjálfsk., fjór hjóladrif, dráttarbeisli.

▶ Verð 3.590.000 kr.



Einn eigandi

2 ár eftir af ábyrgð

### Kia cee'd EX 1,6

Árg. 2008, ekinn 113 þús. km, bensín, 125 hö., sjálfsk. Verð 2.090.000 kr.

▶ Tilboðsverð 1.890.000 kr.

Greiðsla á mánuði

17.777 kr.

M.v. 50% innborgun og 6 ára óverðtryggt lán á 9,4% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 10,85%.



Gott eintak

### Kia Carnival LS

Árg. 2005, ekinn 106 þús. km, dísil, 127 hö., dráttarbeisli, sjálfsk., 7 manna.

▶ Verð 1.490.000 kr.



6 ár eftir af ábyrgð

Gott eintak

### Kia Sportage EX 4wd

Árg. 2012, ekinn 28 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfsk., eyðsla 5,7 l/100km\*.

▶ Verð 5.690.000 kr.



Lítið ekinn

6 ár eftir af ábyrgð

### Kia Rio EX 1,4

Árg. 2012, ekinn 6 þús. km, bensín, 109 hö., sjálfskiptur, eyðsla 6,4 l/100.

▶ Verð 3.290.000 kr.



Lítið ekinn

Hlaðinn aukabúnaði

6 ár eftir af ábyrgð

### Kia cee'd EX 1,6 Sport

Árg. 2012, ekinn 2 þús. km, dísil, 116 hö., sjálfsk., eyðsla: 5,6 l/100km\*.

▶ Verð 3.790.000 kr.

\* Skv. uppgæfnum meðaleyðslutölum frá framleiðanda.



NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16





**BRAUT ÍSINN** Yaya Toure skoraði gott mark gegn Chelsea í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

# City rígheldur í veika titilvön

Roberto Mancini, stjóri Manchester City, segir að titilbaráttunni sé ekki lokið.

**FÓTBOLTI** Manchester United er enn með tólf stiga forystu á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir leiki helgarinnar. United var með fimmtán stiga forystu í tæpan sólarhring en City minnkaði muninn aftur með 2-0 sigri á Chelsea í stórleik helgarinnar í gær.

„Kannski hefðu fimmtán stig verið of mikið,“ sagði Roberto Mancini, stjóri City, eftir leikinn. „En í fótbolta klárast þetta ekki fyrr en með síðustu spyrnunni í síðasta leiknum,“ bætti hann við en það var einmitt þannig sem City

varð Englandsmeistari í fyrra. „Ef munurinn er enn tólf stig þegar fjórir leikir eru eftir þurfum við samt sem áður að sinna okkar vinnu. Okkur finnst ekki mikilvægast að horfa á stigatöfluna en við þurfum að halda ótrauðir áfram eins og við gerðum í dag,“ bætti Mancini við. Ellefu umferðir eru eftir af tímabilinu.

City var lengi að brjóta ísinn gegn Chelsea þrátt fyrir mörg góð færi en Yaya Toure og varamaðurinn Carlos Tevez skoruðu svo tvö flott mörk í seinni hálfleiknum.

United vann einnig 2-0 sigur í sínum leik, gegn botnliði QPR. „Vonandi erum við að fara rétt að þessu. Ef við höldum áfram að vinna leiki mun þetta sjá um sig sjálfst og að lokum verða allir leikirnir búnir,“ sagði Alex Ferguson, stjóri United.

City er nú með sjö stiga forystu á Chelsea en Tottenham getur komist upp í þriðja sætið með sigri á West Ham í kvöld. Arsenal, sem vann Aston Villa á laugardag, er í fimmta sætinu og aðeins tveimur stigum á eftir Chelsea. - esá

## ÚRSLIT

### ENSKA ÚRVALSDEILDIN

<b>FULHAM - STOKE</b>	<b>1-0</b>
1-0 Dimitar Berbatov (47.)	
<b>NORWICH - EVERTON</b>	<b>2-1</b>
0-1 Leon Osman (39.), 1-1 Kei Kamara (84.), 2-1 Grant Holt (94.).	
<b>QPR - MANCHESTER UNITED</b>	<b>0-2</b>
0-1 Rafael (23.), 0-2 Ryan Giggs (80.).	
<b>READING - WIGAN</b>	<b>0-3</b>
0-1 Arouna Kone (55.), 0-2 Aroune Kone (47.), 0-3 Maynor Figueroa (48.).	
<b>WEST BROM - SUNDERLAND</b>	<b>2-1</b>
1-0 Romelu Lukaku, vífti (35.), 2-0 Romelu Lukaku (75.), 2-1 Stephane Sessegnon (79.).	
<b>ARSENAL - ASTON VILLA</b>	<b>2-1</b>
1-0 Santi Cazorla (6.), 1-1 Andreas Weimann (68.), 2-1 Santi Cazorla (85.).	
<b>MANCHESTER CITY - CHELSEA</b>	<b>2-0</b>
1-0 Yaya Toure (63.), 2-0 Carlos Tevez (85.).	
<b>NEWCASTLE - SOUTHAMPTON</b>	<b>4-2</b>
0-1 Morgan Schneiderlin (3.), 1-1 Moussa Sissoko (33.), 2-0 Papiss Cisse (42.), 2-2 Rickie Lambert (50.), 3-2 Yohan Cabaye, vífti (67.), 4-2 Jos Hooiveld, sjálfsmark (79.).	

STADAN						
Man. United	27	22	2	3	64-31	68
Man. City	27	16	8	3	50-24	56
Chelsea	27	14	7	6	55-30	49
Tottenham	26	14	6	6	44-30	48
Arsenal	27	13	8	6	52-30	47
Everton	27	10	12	5	41-34	42
West Brom	27	12	4	11	38-36	40
Liverpool	27	10	9	8	49-34	39
Swansea	27	9	10	8	38-34	37
Stoke	27	7	12	8	26-32	33
Fulham	27	8	8	11	37-42	32
Norwich	27	7	11	9	27-41	32
West Ham	26	8	6	12	29-38	30
Newcastle	27	8	6	13	38-48	30
Sunderland	27	7	8	12	29-36	29
Southampton	27	6	9	12	38-49	27
Wigan	27	6	6	15	33-51	24
Aston Villa	27	5	9	13	26-52	24
Reading	27	5	8	14	33-51	23
QPR	27	2	11	14	19-43	17

### LEIKUR KVÖLDSINS

**WEST HAM - TOTTENHAM** KL. 20.00  
Sýndur beint á Stöð 2 Sport 2 HD.



**MARKAHTJAN** Frazier Campbell skoraði bæði mörkin í sigri Cardiff í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

## Innkast Arons gaf aftur mark

**FÓTBOLTI** Cardiff er með átta stiga forystu á toppi ensku B-deildarinnar eftir 2-1 sigur á Wolves í Íslendingaslag í gær. Aron Einar Gunnarsson var í byrjunarliði Cardiff en Frazier Campbell skoraði fyrsta mark leiksins með skalla eftir langt innkast Arons Einars. Þetta er í annað skiptið á skömmum tíma sem Campbell skorar eftir innkast Arons.

Campbell skoraði bæði mörk Cardiff í leiknum en hann hefur verið iðinn við kolann síðan hann var keyptur frá Sunderland í síðasta mánuði og skorað fimm mörk í jafn mörgum leikjum.

Heiðar Helguson kom inn á sem varamaður í gær og Björn Bergmann Sigurðarson lék allan leikinn fyrir Wolves. - esá

# Neutral®

ÞVOTTAEFNI FYRIR HVERT TILEFNI



Astma- og ofnæmissfélagið á Íslandi mælir með vörum frá Neutral



### STÓRÞVOTTUR FRAMUNDAN?

Ekkert jafnast á við Neutral Stovvask til að komast til botns í þvottakörfunni. Hentar fyrir þvott af öllu tagi.



### HAFIÐ ÞAÐ FÍNT

Silkihönskum, ullarteppum og dúnlúpum hæfir 30 til 40 gráðu þvottur í höndum eða vél með Neutral Uld- og finvask.



### NÚ ER ÞAÐ SVART

Neutral Sort vask varðveitir svartan glæsileikann svo hann tapi ekki lit sínum. Upplitað er bara ekki í físku þessa dagana.



Fyrir alla muni, ekki láta þennan lenda í hvíta þvottinum.

Létt er að flokka litríka sokka.

### NÚ ER ÞAÐ HVÍTT

Ensímin í Neutral Hvid vask losa þig við erfiða bletti og óhreinindi. Það skilar sér í björtum og hvítum þvotti. Fljótandi Neutral leysist vel upp og hentar því líka vel í handþvottinn.



### HALTU LÍFI Í LITUNUM

Settu svoltið af Neutral Color í hölfið og njóttu þess að fá þvottinn jafn litríkan úr vélinni aftur. Þetta er kröftugt, þú notar bara lítið af dufti í hverja vél. Fljótandi Neutral Color endist líka og endist.



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á NEUTRAL.IS



## Stöð 2 Sport kl. 19.50 West Ham - Tottenham

Bein útsending frá nágrennaslag West Ham og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni. Gareth Bale hefur verið frábær í liði Tottenham í vetur og það verður erfitt fyrir varnarmenn West Ham að eiga við hann. Gylfi Sigurðsson hefur ekki fengið mörg tækifæri í vetur en vonandi fær hann tækifæri til að láta ljós sitt skína gegn West Ham.



## Í KVÖLD



### Hotel Hell

**SKJÁR 1 KL. 20.20** Í þessum fyrsta þætti gistir Gordon Ramsey á hóteliinu The Juniper Hill Inn í Vermont. Eftir andvökunótt tekur lítið betra við næsta dag þegar vond lykt og starfsfólk með litla sem enga þjónustulund ýtir honum á ystu nóf.

TV.COM 8,6 IMDB 6,8



### Óskarsverðlaunin

**RÚV KL. 12.30 og 20.00** Óskarsverðlaunin voru veitt í Los Angeles síðustu nótt. Hátiðin var sýnd í beinni útsendingu á RÚV og verður endursýnd klukkan **12.30** í dag. Klukkan **20.00** verða svo helstu atriði hennar dregin út í styttri þætti.



### Wall Street: Money Never Sleeps

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 13.35 OG 18.25** Michael Douglas leikur fyrirverandi Wall Street mögúlinn Gordon Gekko sem losnar úr átta ára fangelsi og ætla að ná fyrri stöðu á markaðnum. Hann fær tilvonandi tengdason sinn til liðs við sig.

55% IMDB 6,2

## RÚV

**12.30 Óskarsverðlaunin (e)** Upptaka frá afhendingu Óskarsverðlaunanna í Los Angeles.

**15.30 Silfur Egils (e)**

**16.50 Landinn (e)**

**17.20 Sveitasæla**

**17.31 Spurt og sprellað**

**17.38 Töfrahnötturinn**

**17.51 Angelo ræður**

**17.59 Kapteinn Karl**

**18.12 Grettir**

**18.15 Tákn málsfréttir**

**18.25 Innlit til arkitekta (2:8)** (Arki-tekens hjem) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.00 Óskarsverðlaunin (e)**

**21.35 Ástarsaga** Stuttmynd eftir Ásu Helgu Hjörleifsdóttur. Sagan hefst í New York, þegar kærasti Solange, hinn íslenski Baldur, hverfur skyndilega af heimili þeirra og dýkkar svo upp í Reykjavík. Solange eltir hann en þegar til Íslands er komið er lítið um svör og hún stendur frammi fyrir enn meiri ráðgátu.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Íslenski boltinn** Sýnt úr leikjum á Íslandsmóti karla og kvenna í handbolta og körfubolta.

**23.05 Glæpurinn III (3:10)** (Forbryðelsen III) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**00.05 Kastljós (e)**

**00.35 Fréttir**

**00.45 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**12.20 Ultimate Avengers 2**

**13.35 Wall Street: Money Never Sleep**

**15.45 Arctic Tale**

**17.10 Ultimate Avengers 2**

**18.25 Wall Street: Money Never Sleep**

**20.35 Arctic Tale**

**22.00 War Horse**

**00.25 Partition**

**02.20 Big Stan**

**04.05 War Horse**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.05 Malcolm in the Middle (14:16)**

**08.30 Ellen (103:170)**

**09.15 Bold and the Beautiful**

**09.35 Doctors (90:175)**

**10.15 Wipeout**

**11.00 Drop Dead Diva (4:13)**

**11.45 Falcon Crest (29:29)**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Frasier (18:24)**

**13.25 The X-Factor (18:27) (19:27)**

**15.25 ET Weekend**

**16.05 Barnatími Stöðvar 2**

**16.50 Bold and the Beautiful**

**17.10 Nágrannar**

**17.35 Ellen (104:170)**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Big Bang Theory (1:24)**

**19.40 The Middle (14:24)**

**20.05 One Born Every Minute (6:8)** Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingardeild á breskum spítala.

**20.50 Covert Affairs (11:16)** Önnur þáttaröðin um Annie Walker sem var nýliði hjá CIA og enn í þjálfun þegar hún var skyndilega kölluð til starfa.

**21.35 Boss (5:8)** Stórbrotin verðlaunaþáttaröð með Kelsey Grammer í hlutverki borgarstjóra Chicago sem svíft einskis til að halda völdum en hann á marga óvini.

**22.30 Man vs. Wild (10:15)** Ævintýralegir þættir frá Discovery með þátta- stjórnandanum Bear Grylls sem heim- sækir ólíka staði víðsvegar um heiminn. Þegar hann lendir í vandræðum þá reyn- ir á útsjónarsemi hans og færni.

**23.15 Modern Family (11:24)**

**23.40 How I Met Your Mother (10:24)**

**00.10 Two and a Half Men (4:23)**

**00.35 Burn Notice (15:18)**

**01.20 Episodes (1:7)**

**01.50 The Killing (4:13)**

**02.35 Surfer, Dude**

**04.00 Boss (5:8)**

**04.50 Covert Affairs (11:16)**

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT

besta sætið

**07.00 Enski deildabikarinn: Bradford - Swansea**

**18.00 Spænski boltinn: Barcelona - Sevilla**

**19.40 Meistaradeild Evrópu í hand- bolta: Hamburg - Montpellier**

**21.00 Spænsku mörkin**

**21.30 Meistaradeildin í handbolta: markapáttur**

**22.00 Meistaradeild Evrópu: frétt- páttur.**

**22.30 Þýski handboltinn: Minden - Kiel**

**23.50 Spænski boltinn: Deportivo - Real Madrid**

## SPORT 2

enski boltinn

**07.00 Man. City - Chelsea**

**14.20 Norwich - Everton**

**16.00 Middlesborough - Millwall**

**17.40 Sunnudagsmessan**

**18.55 Premier League Review Show 2012/13**

**19.50 West Ham - Tottenham**

**22.00 Premier League Review Show 2012/13**

**23.00 Football League Show 2012/13**

**23.30 West Ham - Tottenham**

## krakkar

**07.00 Brunabílarir**

**07.20 Áfram Diego, áfram!**

**07.45 Waybuloo**

**08.05 Dóra konnuður**

**08.30 Svampur Sveinsson**

**08.50 Dóddi litli og Eyrnastór**

**09.00 UKI**

**09.05 Strumparnir**

**09.30 Lína Langsokkur**

**09.55 Histeria!**

**10.15 Ofurhundurinn Krypto**

**10.35 Ævintýri Tinna**

**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

**17.00 Ozzy & Drix**

**17.25 Leðurblökumaðurinn**

**17.50 iCarly (20:25)**

## POP TV

**17.05 Simpson-fjölskyldan (18:22)** Skólanum tekst loks að fá gest í heim- sókn sem vekur áhuga nemendanna á starfskynningardegi, en það er teikni- myndateiknari.

**17.30 ET Weekend**

**18.15 Gossip Girl (7:22)**

**19.00 Friends (21:24)**

**19.25 How I Met Your Mother (19:24)**

**19.50 Simpson-fjölskyldan**

**20.10 Holidate (7:10)** Raunveruleika- þættir um konur í ástarleit. Tvær ólík- ar konur vistaskipti í hverjum þætti og flytja í borg hinnar um stund. Þar kanna þær markaðinn og fara á nokkur stefnumót og finni þær álitlegan herra bjóða þær honum í heimsókn til sinnar heimaborgar í lok þáttar.

**20.55 FM 95BLÖ Tækifæri á að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í út- varpsþættinum FM95BLÖ.**

**21.15 The Lying Game (3:20)** Drama- tískir spennuþættir frá höfundu Pretty Little Liars, og fjalla um einægja tv- burasystur sem voru aðskildar við fæð- ingu. Örlög þeirra urði gjörólík, önnur ólst upp í fátækt, hin í vellystingum. Þegar sú fyrrnefnda kemst að sannleik- anum ákveður hún að hafa uppi á syst- ur sinni, þá fara dularfullir atburðir að gerast.

**22.00 The O.C (10:25)** Orange-sýsla í Kaliforníu virðist í fyrstu vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjar- bú.

**22.45 Holidate (7:10)**

**23.30 FM 95BLÖ**

**23.50 The Lying Game (3:20)**

**00.35 The O.C (10:25)**

**01.15 Tónlistarmyndbönd Popptívi**

## GULL

**18.15 Doctors (142:175)**

**19.00 Ellen (104:170)**

**19.40 Logi í beinni**

**20.25 The Practice (5:13)**

**21.10 Eldsnögg með Jóa Fel**

**21.45 Logi í beinni**

**22.30 The Practice (5:13)**

**23.15 Eldsnögg með Jóa Fel**

**23.50 Tónlistarmyndbönd Popptívi**

## RÁS 1

FM 92,4/93,5

**06.36 Bæn 06.39** Morgunpáttur Rásar **1 06.40** Veðurfrégnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfrégnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfrégnir **113.00** Hringtölur **14.00** Fréttir **14.03** Orð um bækur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpsáttur: Konur **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bak við stjórnm- arnar **17.00** Fréttir **17.03** Viðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfrégnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Ópus **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfrégnir **22.10** Lestur Pápasálmanna **22.20** Samfélagið **22.30** Albúmið: The Queen is dead - The Smiths **00.00** Fréttir **00.05** Næturútlit Rásar 1

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray**

**08.45 Dr. Phil**

**09.25 Pepsi MAX tónlist**

**15.15 Kitchen Nightmares (1:13)**

**16.05 Judging Amy (2:24)**

**16.50 Rachael Ray**

**17.35 Dr. Phil**

**18.15 Top Gear USA (1:16)**

**19.05 America's Funniest Home Vid- eos (5:48)**

**19.30 Will & Grace (7:24)**

**19.55 Parks & Recreation (16:22)**

Þegar mótframbjóðandi Leslie ræður sér þekktan kosningastjóra fer framboð hennar á taugum.

**20.20 Hotel Hell (1:6)** Gordon Ramsey ferðast um Bandaríkin og gistir á verstu hótélum landsins.

**21.10 Hawaii Five-0 (1:24)** Steve McGarrett og félagar handsama hættu- lega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Havai. Í þessum fyrsta þætti þarf McGarrett að gera upp tvö mál úr fortíð- inni sem gætu reynst hættuleg.

**22.00 CSI (8:22)** Ted Danson er hér í hlutverki Russels yfirmanns rannsókn- ardeildarinnar í Las Vegas. Raðmorðingi gengur laus og lík af átta konum finnast í eyðimörkinni.

**22.50 CSI (18:23)** Endursýning á fyrstu þáttaröð um Gil Grissom og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Las Vegas.

**23.30 Law & Order: Criminal Intent (1:8)**

**00.20 The Bachelorette (3:10)**

**01.50 CSI: Miami (12:22)**

**02.30 Hawaii Five-0 (1:24)**

**03.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.10** World Golf Championship **2013 (5:5)** **11.40** Golfing World **12.30** World Golf Championship **2013 (5:5)** **18.00** Golfing World **18.50** World Golf Championship **2013 (5:5)** **22.00** Golfing World **22.50** Champions Tour - Highlights **(3:25)** **23.45** ESPN America

## INN

**20.00** Ung á öllum aldri **20.30** Allt um golf **21.00** Frumkvöðlar **21.30** Suðurnesjamagasin

**ÚTVARP FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2

**FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1

**FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland

**FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið

**FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útlit Saga

**FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útlit Latibær

**FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útlit Boðun

# Ert þú fjárfestir framtíðarinnar?

## Taktu þátt í spennandi Ávöxtunarleik Keldunnar

15



FRÁBÆRT VERÐ Á 47"

# FINLUX



**Vandað 47" LED Full HD sjónvarp með 1920x1080 háskerpu upplausn og stafrænum DVBT móttakara.**

**Finlux 47FLSY910LHC**

**129.990**

VERÐ ÁÐUR 159.990

**Háskerpu upplausn**

Tækið er með vönduðum örþunnum LCD skjá með 1920x1080 punkta háskerpu upplausn og Comb filter, Digital noise reduction og Progressive scan sem tryggir skarpa og góða mynd.

**Innbyggður margmiðlunarspilari**

Tækið er búið margmiðlunarviðmóti og tveim USB tengjum, þannig að hægt er að tengja USB lykil eða flakkara við tækið og horfa á ljósmyndir og kvikmyndir. Styður öll helstu snið, t.d. DivX, MKV, MP3 og JPG.

**CI kortarauf**

Tækið er með CI kortararauf sem gerir fólki sem er með stafrænan loftnetsmóttakara frá Vodafone kleift að skila inn gamla móttakanum og fá CAM (CA) millistykki í staðinn sem svo gengur inn í tækið. Fækkar snúrum og fjarstýringum.

**Vel tengjum búið**

Tækið er með öllum helstu tengimöguleikum sem þarf í dag, 4xHDMI, 2xScart, VGA, Audio In, Heyrnartólstengi og 2xUSB tengi þannig að ekkert mál er að tengja leikjatölvur, heimabíó, heyrnartól og margt fleira við tækið.

**HDMI™**  
HIGH-DEFINITION MULTIMEDIA INTERFACE

**USB**

**DVB T**

**FULL HD 1080p**

## Sjónvarpsmiðstöðin

**FINLUX**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)



## MÁNUDAGSLAGIÐ



„Þessa stundina er það lagið In Dreams með Roy Orbison. Ég var að horfa á myndina Blue Velvet fyrir helgi og er búin að vera með þetta lag fast á heilanum síðan. Það er alveg frábært.“

Ásthildur Kjartansdóttir kvikmyndagerðarkona

# Frumskýningu Falsks fugls frestað í annað sinn

Kvikmyndin Falskur fugl verður sýnd 19. apríl. Fyrst átti að frumsýna í janúar.

Búið er að fresta frumsýningu kvikmyndarinnar Falskur fugl í annað sinn, eða til 19. apríl.

Upphaflega átti að frumsýna myndina 25. janúar en henni var svo frestað til 22. febrúar. Um þriggja mánaða seinkun er því að ræða frá upphaflegri áætlun.

Aðspurður segir handritshöfundurinn Jón Atli Jónsson ástæðuna fyrir frestuninni þá að eftirvinnslan hefur dregist á langinn og vilja menn hafa alla hluti á hreinu áður en myndin fer á hvíta tjaldið. „Þetta er ekkert óeðlilegt. Djúpinu var oft frestað því það þurfti að hanga betur yfir henni,“ segir Jón Atli, sem skrifaði einnig handritið að Djúpinu ásamt Baltasar

Kormáki. „Þetta er lítil mynd og menn eru að gera þetta svolítið sjálfir.“

Leikstjóri Falsks fugls er Þór Ómar Jónsson og með aðalhlutverkið fer Styr Júlíusson sem vandræðagemlingurinn Arnaldur. Myndin er byggð á samnefndri bók Mikaela Torfasonar frá árinu 1997. Davíð Guðbrandsson og Alexía Björg Jóhannesdóttir leika foreldra Arnalds. Meðal annarra leikara eru Raket Björk Björnsdóttir, Aron Brink, Ísak Hinriksson og Krissi Haff.

Kvikmyndatökumaður er Christoph Nicolaisen sem tók upp stuttmyndina Toyland sem vann Óskarsverðlaunin 2009. Þór Ómar kynntist honum þegar þeir störfuðu saman við gerð lottóauglýsingar í Þýskalandi.



Á TÖKUSTAD Þór Ómar Jónsson og félagar við tókur á Fölskum fugli. Myndinni hefur verið frestað til 19. apríl.



NAOMI WATTS  
TILNEFND TIL GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA  
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI



„Ein af betri myndum ársins 2012.“  
Mbl.

100/100

„Einstaklega raunveruleg stórslysamynd,  
sem lætur engan ósnortinn“

HOLLIVOOD  
REPORTER

100/100

„Fer beint í efsta sæti yfir þær myndir  
sem fólk verður að sjá á árinu.“

NEW YORK OBSERVER

100/100

„Ógnvænlega vel gerð.“

VARIETY

EGILSHÖLL

Komin í bíó

SAMBÍÓIN

# „Pabbi þurfti að létta bílinn hjá sér“

Elsa Sigurðardóttir hefur stundað rallíakstur frá fimmtán ára aldri. Hún gegnir hlutverki aðstoðarökumans föður síns og segir íþróttina sérlega skemmtilega.

„Ég byrjaði þegar ég var fimmtán ára. Pabbi þurfti að létta bílinn hjá sér og ég var 25 kílóum léttari en „co-arinn“ sem hann var með, beisik,“ segir Elsa Sigurðardóttir. Hún hefur stundað rallíakstur frá fimmtán ára aldri og segist ekki sjá fyrir sér að hætta í íþróttinni í bráð.

Að sögn Elsu er félagsskapurinn og tímaleysið sem hún upplifir við aksturinn það skemmtilegasta við rallíið. „Félagsskapurinn og „kikkí“ er það skemmtilegasta við íþróttina. Þetta er ein stór fjölskylda og allir álíka klikkaðir. Tímaleysið sem fylgir því að keyra er mér líka nauðsynlegt. Þetta er ein besta íflugun sem ég veit um og ótrúlega hollt fyrir heilann. Ég er sjaldan jafn hress og eftir keppni.“

Haldnar eru sex aksturskeppnir hvert sumar og segir Elsa undirbúninginn fyrir keppni vera tímafrekan. „Æfingarnar felast í því að keyra leiðirnar dagana fyrir keppni. Þetta getur tekið dagóðan tíma, eins kostar eins dags keppni mikinn tíma fyrir pabba úti í bílskúr,“ segir hún. Elsa er að ljúka námi í hjúkrun og starfar á Landspítalanum. Hún segir að samstarfsfélögum hennar þyki flestum áhugamál hennar spennandi og áhugavert. „Sumum finnst að ég ætti að fara að hætta þessu, þá reyni ég að útskýra fyrir fólki að þetta sé ekki eitthvað sem maður hættir í. Ég sé ekki fyrir mér að hætta nokkurn tímann.“

Dóttir íþróttin sé hættuleg fylgir henni ekki mikil slyshætta að sögn Elsu enda eru ökuþórnarnir



GÓÐUR FÉLAGSSKAPUR OG „KIKKÍ“ Hjúkrunarneminn Elsa Sigurðardóttir stundar rallíakstur með föður sínum. Hún sinnir hlutverki aðstoðarökumans.

MYND/SÆMUNDUR ERIC

„Þetta er ein stór fjölskylda og allir álíka klikkaðir.“

með Benna og hefur meðal annars komið fram með honum á tónlistarhátiðinni Iceland Airwaves. „Ég djóka stundum með það að ég sé „professional amateur“ tónlistarmaður.“

sara@frettabladid.is

# Galinn skemmtipáttur með stórum vinningum

Skemmtipátturinn Megalotterí, sem er blanda af leikjum og sjónvarpslotterí, hefur göngu sína á Skjá Einum.

„Þetta verður algjörlega galinn skemmtipáttur, blanda af leikjum og sjónvarpslotterí í beinni útsendingu,“ segir Hilmar Björnsson, dagskrárstjóri Skjás Eins um nýjan þátt sem er í burðarliðnum og nefnist Megalotterí.

Þættirnir eru að einhverju leyti að erlendri fyrirmynd og verða fjölskylduþættir. Það er framleiðslufyrirtækið Stórveldið sem sér um að framleiða þættina fyrir Skjá Einn og stefnt er á að fyrsti þátturinn fari í loftið 27. mars. Hilmar segist vongóður um vinsældir þáttanna. „Þættirnir verða í beinni útsendingu í opinni dagskrá snemma kvölds svo öll fjölskyldan getur fylgst með. Allir geta svo tekið beinan þátt í sjónvarpslotteríinu gegnum smáskilaboð,“ segir Hilmar og bætir við að vinningarnir verði ekki af verri endanum. „Vinningarnir eru rosalegir. Ég leyfi mér að fullyrða að vinningar af þessari stærðargráðu hafa ekki áður verið gefnir í beinni útsendingu í íslensku sjónvarpi. Allt frá stórum ferðavinningum til bíla og svo verða líka aðeins undarlegri vinningar eins og ársbirgðir af kattamat.“

Ekki er komið í ljós hver mun stjórna Megalotterí en verið er að prufa nokkra þessa dagana og ætti það að komast í ljós á næstu dögum. Sigmar Vilhjálmsson hjá Stórveldinu er spenntur fyrir að



VONGÓDIR UM VINSÆLDIR Hilmar Björnsson hjá Skjá Einum og Sigmar Vilhjálmsson hjá Stórveldinu ráðast í gerð nýs skemmtipáttar fyrir alla fjölskylduna sem nefnist Megalotterí og hefur göngu sína á Skjá einum í lok mars.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ráðast í verkefnið. „Það er spennandi að halda úti vikulegum skemmtipætti í beinni útsendingu, því í slíkum þáttum getur allt gerst. Sambærilegir þættir hafa gengið áratugum saman um allan heim og nú er komið að Íslandi.“





zoom-zoom  
zoom-zoom  
zoom-zoom

# AKSTURSÁNÆGJA + SPORTLEG HÖNNUN = GÆSAHÚÐ

EYÐIR AÐEINS  
**4,3** l/100 km\*

VELDU ÁREIDANLEIKA OG  
LÆGSTA REKSTRARKOSTNAÐINN  
SKV. J.D. POWER AND  
ASSOCIATES OG KELLEY BLUE BOOK\*\*



Mazda3 er skemmtilegur bíll sem státar af 5 stjörnu öryggi. Í Mazda3 er huggulegur hiti í sætum, aksturstölva sem gefur upp margvíslegar upplýsingar um eyðslu, minnir þig á þjónustuskoðun og býður upp á hraðaviðvörðun. Spólvörnin kemur sér vel í þungri færð og loftkælingin og hraðastillirinn gera ferðir á heitum sumardögum ánægjulegar. Glansandi fínar 16" álfelgurarnar gera svo bílinn enn sportlegri.

Finndu akstursgleðina í nýjum Mazda3 – fáðu gæsa húð.

MAZDA.IS

**MAZDA3 FRÁ 3.290.000 KR.\***

Útbúnaður bíls getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

\*Mazda3 1,6i Advance bensín beinskiptur 3.290.000 kr. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,3 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 147 g/km.

Mazda3 1,6 TDi Advance dísil beinskiptur 3.590.000 kr. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 115 g/km. Frítt í stæði hjá Reykjavíkurborg í 90 mínútur í senn.

\*\* J.D. Power and Associates skipaði Mazda3 meðal þriggja efstu bílana í sínum flokki í áreiðanleikakönnun 2013. Mazda vann einnig heiðursverðlaun Kelley Blue Book fyrir lægsta 5 ára heildarrekstrarkostnaðinn þar sem m.a. er tekið mið af endursöluverði/afföllum bílsins, hverslags gjöldum, ásamt eldsneytis- og viðhaldskostnaði. Fáðu lágan rekstrarkostnað með nýjum Mazda.

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050





### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Óvæntur uppistandari

Gestir á uppistandssýningu Mið-Íslands í Þjóðleikhúskjallaranum á föstudaginn fengu óvæntan glaðning þegar grínisti sem ekki var á dagskránni lét óvænt sjá sig á sviðinu. Áhorfendur fögnuðu ákaft þegar Jóhann Alfreð Kristinsson kynnti til leiks engan annan en Þórhall Sigurðsson, **Ladda**, sem fór með gamanmál fyrir viðstadda í tíu mínútur við góðar undirtektir. Laddi vinnur nú hörðum höndum að undirbúningi eigin sýningar í Hörpu í apríl og vildi fá að slípa sig aðeins til með ungu strákunum. Óhátt er að segja að annar bragur hafi verið á uppistandi Ladda en hinna fimm-menninganna, en því var engu að síður feikivel tekið.



#### Dómsdagur í Antwerpen

**Katrín Jakobsdóttir** menntamálaráðherra og **Jón Gnarr** borgarstjóri halda á morgun ásamt fríðu föruneyti til Antwerpen í Belgíu til að vera viðstödd þegar kemur í ljós hvaða borg verður fyrir valinu til að halda World Out Games 2017, nokkurs konar Ólympíuleika samkynhneigðra. Leikarnir í ár fara fram í Antwerpen, en um leikana 2017 bífast Reykjavík og Miami í Bandaríkjunum. Þær komust í tveggja borga úrslit, ólíkt Rio de Janeiro, Denver og Róm sem einnig sóttu um. Dómnafndin sem hefur legið yfir umsóknunum mun kveða upp úrskurð sinn á fimmtudaginn kemur.

# ÍMATTRESS DAGAR!

# 35% KYNNINGAR AFSLATTUR



#### Mest lesið VÍSIR

- 1 Bestu kynlífslýsingar ársins
- 2 Pennavinskapur varð að 25 ára hjónabandi á Akranesi
- 3 Bannað að mismuna eftir trúarbrögðum
- 4 33 áhorfendur slösuðust í Daytona
- 5 Bróðir Pistorius ákærður fyrir morð af gáleysi



## iFUSION™

by Comfort Solutions®

iFUSION kæligenið er blandað í þrjústíjfnunarsvampinn sem gerir það að verkum að dýnan ýtir hitanum frá líkamanum og heldur þess vegna jöfnum og góðum hita yfir alla nóttina.

iMattress dýnurnar eru þær fyrstu í heiminum til þess að nýta sér þessa tækni í dýnugerð og hafa slegið rækilega í gegn í Bandaríkjunum.

#### ÍMATTRESS - DÝNAN

- Inniheldur hið nýja bitlingarkennda efni iFUSION. Einnig er allur svampurinn borður í gegn til að auka náttúrulegt loftflæði.
- Aðlagast að líkamanum svo þú færir hinn fullkomna stuðning „eins og að svífa í þyngdarleysi“.
- Minnkar verulega álag á mjadmir, axlir og önnur viðkvæm svæði, þar af leiðandi minnka biltur á nóttinni umtalsvert.
- Er sérstaklega gerð til þess að enginn hreyfing sé á milli svefnsvæða.
- Passar á stillanleg rúm.
- Leyfir þér að nota allt að 10% meira af svefnsvæði dýnunnar ástæðan eru steyptir svamp kantar hennar.



## iMattress™

sleep system by comfort solutions®

The cooler side of sleep.

**IMATTRESS XS1**  
Queen Size (153x203 cm)  
Fullt verð 327.102 kr.

**KYNNINGARVERÐ**  
**212.616 kr.**

**IMATTRESS XS3**  
King Size (193x203 cm)  
Fullt verð 531.164 kr.

**KYNNINGARVERÐ**  
**345.256 kr.**



# rekkjan